

Starfið er mannskemmandi


Jökull Gíslason segir manneklu innan lögreglunnar óþolandi ástand. Útilokað sé að sinna mörgum málum sem þó sé full ástæða til að rannsaka. Að óbreyttu telur hann ljóst að hann, og margir aðrir í löggæslunni, kikni undan álaginu og neyðist til að hætta störfum. ➔24

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015



EINSTAKT OPNUNARTILBOÐ

3 RÉTTA KVÖLDVERÐUR
& 2 GLÖS AF LÉTTVÍNI
6.990 KR.

BORG RESTAURANT - S: 578 2020
PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK - BORGRESTAURANT.IS



Einstök blanda úr 4 olíum

OPIÐ LAUGARDAG
OG SUNNUDAG TIL KL. 18



www.hokuspokus.is

Veður



Ákveðin norðanált í dag. El víða um land, þó sist suðvestan til. Hiti kringum frostmark, en upp í 5 stiga hita syðst. Kólnandi veður seinni hluta dags. **SJÁ SÍÐU 50**

Óvíst að samningar náist um helgina

KJARAMÁL Mörg erfið mál eru enn óleyst í kjaraviðræðum SFR, Sjúkraliðafélagsins og Lögreglumanna við samninganefnd ríkisins þótt nokkur skriður hafi verið á viðræðum, að sögn Árna Stefáns Jónssonar, formanns SFR.

Í viðtali við fréttastofu sagði Árni Stefán óvíst að nýir kjarasamningar verði undirritaðir um helgina, þótt samkomulagi sé náð um grundvallaratriði og kostnaðarramma í nýjum samningum. Þung sérmál séu eftir, svo sem varðandi vaktavinnu og fleiri þætti.



Árni Stefán Jónsson

„Þetta hefur gengið upp og ofan síðustu daga,“ segir hann. Í fyrradag hafi viðræður gengið fremur hægt framan af degi en svo tekið við sér seinni partinn og í gær hafi verið samstaða um að hafa „góðan skrið“ á viðræðunum. „En hvort þeir klárast núna um helgina er erfitt um að segja.“

Fundað hefur verið daglega frá því að verkfallsaðgerðir SLFI og SRF hófust fyrir rúmri viku. Lögreglumenn hafa ekki verkfallsrétt en hafa tekið þátt í mótmælum og samstöðufundum verkalýðsfélaganna þriggja sem saman standa að viðræðunum við ríkið. Félögin eru stærstu aðildarfélag BSRB og má gera ráð fyrir því að samningur þeirra verði sá grunnur sem samningar annarra félaga við ríkið komi til með að byggja á.

Félagar í Stéttarfélagunum komu saman við Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu í Reykjavík í gærmorgun í þeirri trú að þar færi fram ríkisstjórnarfundur. Honum hafði hins vegar verið frestað vegna landsfundar Sjálfstæðisflokksins sem hófst í gær. – **Óká, lvp**

Framkvæmdastýra UN Women í heimsókn á Íslandi



Um 250 manns sóttu fund UN Women um kynjafnrétti í dag og var ungt fólk áberandi. Framkvæmdastýra UN Women er í heimsókn á Íslandi af tilefni 100 ára kosningaafmælis kvenna. HeForShe-átakið hefur fengið góðar viðtökur hér og metfjöldi íslenskra karla skráð sig. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**

Guðbjartur Hannesson látinn

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar og fyrrverandi ráðherra, er látinn 65 ára að aldri. Hann lést aðfaranótt föstudags eftir baráttu við krabbamein.

Guðbjartur hafði verið þingmaður Norðvesturkjördæmis frá árinu 2007. Hann var félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra 2010, velferðarráðherra 2011 til 2013 og forseti Alþingis 2009.

Guðbjartur lætur eftir sig eiginkonu, tvær dætur og barnabörn.



Ætla að sexfalda fiskeldi í sjókvíum

Fjarðalax og Dýrfiskur hyggjast auka framleiðslu sína á eldisfiski á Patreksfirði og Tálknafirði umtalsvert. Hafa unnið síðustu ár að uppbyggingu slíks eldis. Ólíklegt að 20 þúsund tonna framleiðsla hafi mikil áhrif á lífríki fjarðanna.

LANDBÚNAÐUR Til stendur að riflega sexfalda eldi á laxi og regnbogasilungi hjá Fjarðalaxi og Dýrfiski í Patreksfirði og Tálknafirði. Auka á framleiðslu um 16.000 tonn, úr 3.000 í 19.000 tonn.

Til kynningar er hjá Skipulagsstofnun frummatsskýrsla fyrirtækjanna vegna mats á umhverfisáhrifum aukningarinnar, en frestur til að gera athugasemdir við skýrsluna rennur út 2. desember næstkomandi.

Fram kemur í skýrslunni að fyrirtækin hafi undanfarin misseri unnið að uppbyggingu á lax- og silungseldi á Vestfjörðum og að áætlanir fyrirtækjanna geri ráð fyrir umtalsverðri framleiðsluaukningu á eldisfiski. „Það er liður í að styrkja núverandi starfsemi á Vestfjörðum og gera rekstur fyrirtækjanna arðbæran og samkeppnishæfan til lengri tíma,“ segir þar. Þá eru áform fyrirtækjanna sögð byggja á því að framleiðslan og afurðir fyrirtækjanna verði umhverfisvæn og framleiddar í sátt við vistkerfi framleiðslusvæða.

„Niðurstaða umhverfismatsins er sú að fyrirhugað eldi í Tálknafirði og Patreksfirði mun hafa verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti,“ segir í niðurstöðum skýrslunnar. Aukin atvinna, verðmætasköpun og margfeldisáhrif af eldinu hafi nú þegar átt þátt í að snúa við íbúafækkun á svæðinu og búast megi við að frekari uppbygging leiði til enn jákvæðari þróunar. „Áhrif á aðra nýtingu verða óveruleg en að hluta til einnig talsvert jákvæð og að mestu leyti afturkræf.“

Vísuð er til þess að umfangsmiklar mælingar á sjófræði fjarðanna bendi sterklega til þess að 20.000 tonna framleiðsla í fiskeldi hafi óveruleg áhrif á súrefnisinnihald sjávar og því lítil áhrif á lífríki fjarðanna, þó svo að áhrif



Eldiskvíar í Patreksfirði þar sem Dýrfiskur og Fjarðalax hafa hug á að margfalda framleiðslu sína. Fyrirhuguð aukning nær einnig til eldis í Tálknafirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að fyrirhugað eldi í Tálknafirði og Patreksfirði mun hafa verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti

Úr frummatsskýrslu Fjarðalax og Dýrfisks vegna stækkunar fiskeldisins

úrgangsefna undir og næst eldiskvíum komi til með að hafa tímabundin neikvæð áhrif á vistkerfið á hafsbotni.

Um leið kemur fram að sjúkdómsmit frá eldisfiski geti haft bein áhrif á villta laxfiskastofna, en komi til slíks smits séu áhrifin talin afturkræf. Þá myndu þau vera óveruleg þar sem búsvæði villtra laxfiska séu fjarri eldisvæðum og stærð villtra laxfiskastofna sé áætluð lítil í Patreks- og Tálknafirði. „Góð staða í sjúkdómamálum hérlandis og bólusetning eldisseða styrkir þessa niðurstöðu.“

Óg þótt eldisvæðin verði sýnileg víða í fjörðunum verði ekkert svæði fyrir verulegri breytingu á ásynnd eða imynd. „Í heildina verða áhrif á landslag og ásynnd óveruleg og afturkræf.“ **olik@frettabladid.is**

Tenerife

1. desember í 11 nætur

Verð frá 135.900 kr.
og 12.500 Vildarpunktur

Á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó á Columbus.
Verð án Vildarpunkta 145.900 kr.

Flogið með Icelandair

Skráðu þig í netklúbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita
VITA er lífið

GILDIR 24.10.15 - 26.10.15

TAX FREE



AF ÖLLUM VÖRUM
ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!




AFNEMUM VIRÐISÁUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM.
TAX FREE TILBOÐ
JAFNGILDIR **19,35%**
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN
ER Á KOSTNAÐ
RÚMFATALAGERSINS.
VIRÐISAUKA ER AÐ
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ
TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI


TÖLUR VIKUNNAR 19.10.2015 TIL 25.10.2015

25.000

krónur aukalega borguðu 15 stoltir eigendur iPhone 6S fyrir að fá síma 14 dögum áður en hann fór í almenna sölu.

**400–500 milljónir**

telja borgaryfirvöld sig geta sparað við að breyta mótuneytisþjónustu.

**9.000**

krónur rukkar Húnaþing vestra rjúpnaskyttur fyrir veiðileyfi á landi sveitarfélagsins.

**1****LÍBYUMANNI**

var veitt hæli sem flóttamanni í vikunni þegar Útlendingastofnun birti ákvarðanir í 26 málum. Tuttugu og fimm var synjað um hæli.

**591 LANDVISTARLEYFI** hefur verið veitt á grundvelli hjúskapar það sem af er ári.**BÍLL** var skemmdur á bílplani í Skeifunni í byrjun október, upplýsti lögreglan í vikunni.**58%**

fleiri heimilisofbeldismál hafa verið skráð á höfuðborgarsvæðinu en bærust allt árið 2014, eða 472 mál.

**74 MÖRK**

mörk hefur fyrirlidinn Margrét Lára Viðarsdóttir skorað fyrir kvendagsliðið í fótbolta – í 101 leik.

**Þrír í fréttum****Atvinnu- og bankamál**

Áætlað er að það þurfi að flytja inn vinnuafli fyrir að minnsta kosti 5.000 störf á næstu fjórum árum. Þetta kom fram í Þjóðhagsspá greiningardeildar Arion banka sem var kynnt á miðvikudaginn. Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur í greiningardeild bankans, segist vonast til þess að íbúðafjárfesting fari að taka við sér. „Það kom á óvart hvað tölurnar á fyrstu tveimur fjórðungum ársins í íbúðafjárfestingu voru slakar. Hugsanlega er einhver samkeppni við hótél þar um vinnuafli, fjármagn og aðföng,“ sagði Anna Hrefna.



Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, hvatti starfsfólk sitt til að styðja lækna-ritara í kjarabaráttu þeirra. Honum barst í kjölfarið bréf frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um að gripid yrði til „viðeigandi úrræða“ vegna háttsemi hans. Annar yfirlæknir á heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu mun hafa fengið sambærilegt bréf.



Kröfuhafar Glitnis bjóða ríkinu að taka yfir eignarhlut sinn í Íslandsbanka. Það yrði þá hluti af stöðugleikaframlagi. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir að búist sé við því að ríkið selji bankann aftur. „Við höfum fundið fyrir áhuga frá erlendum aðilum og lítum á eignarhald ríkisins sem tímabundið,“ sagði Birna þegar tilboðið var tilkynnt.

**Fjölmiðlaumfjöllun reynist Telati-fjölskyldunni óþægileg**

Tugir fréttar hafa birst um hælissókn Telati-fjölskyldunnar í albönskum fréttamiðlum. Fjölskyldunni finnst það óþægilegt en hún flúði landið vegna tengsla föðurins við kommúnistaflokkinn.

SAMFÉLAG Málefni Telati-fjölskyldunnar hafa vakið mikla athygli fjölmiðla í Albaníu sem hafa tekið upp fréttir af hælissókn þeirra frá vefsíðu Vísis.

Fréttir um afdrif þeirra hér á landi hefur verið sögð í tugum albanskra fréttamiðla og bæði birtar myndir og myndbönd af þeim á vefmiðlum. Mesta athygli vekur undirskriftasöfnun rit höfundarins Illuga Jökulssonar og höfnun á umsókn þeirra um hæli. Þá er í beinu samhengi sagt frá brottvísunum fjölda Albana frá Þýskalandi. Hvergi er frásögn Hasans dregin í efa.

Laura Telati segir fjölskylduna áhyggjufulla vegna þess hve víða fréttir af hælissókn þeirra rata. „Við erum örugglega ekki í lífshættu vegna þess, en þetta er vissulega meira álag og mér finnst þetta niðurlægjandi,“ segir hún og minnst einnig á athugasemdir við fréttir í íslenskum miðlum sem hafi sært hana.

Á vefmiðlinum Telegrafí.com er umsókn Hasans sögð óvenjuleg því hann vilji aðeins tækifæri til þess að búa sér til líf í landinu en ekki styrk frá ríkinu. Þá eru nefnd til sögunnar tengsl hans við Kommúnistaflokkinn en Hasan hefur sagt frá því að faðir hans hafi verið foringi í flokknum. Þess vegna hafi fjölskyldan orðið fyrir miklu aðkasti og útskýfun í samfélaginu. Aleka, eiginkona hans, sagði frá því að forsætisráðherra Albaníu hefði hvatt til mismununar gagnvart fólki sem tengt væri kommúnistaflokknum og lögreglan neitaði að aðstoða fjölskylduna.



Frétt um að Útlendingastofnun hefði ekki sótt um skólavist fyrir Telati-systkinin varð til mikillar umfjöllunar um afdrif fjölskyldunnar. Samfélagið brást við og sýndi þeim stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta er vissulega meira álag og mér finnst þetta niðurlægjandi.“

Laura Telati 15 ára



Fjölskyldan komst í fréttirnar fyrir þremur vikum þegar Laura og systkini hennar, Janie og Petrit, höfðu ekki enn fengið skólavist þrátt fyrir að hafa verið hér frá því í júní. Eftir að upp komst að Útlendingastofnun sótti aldrei um

skólavist fyrir börnin hafa málefni þeirra verið í brennidepli. Nú eru börnin í skóla og una sér vel.

„Ég ætla aldrei aftur til Albaníu,“ segir Laura Telati. Hún segir fjölskylduna kvíða næsta fundi með Útlendingastofnun sem verður líklega eftir rúma tvo mánuði.

Laura sagði í ræðu í Laugarneskirkju vert að berjast fyrir því að heimurinn sé einn staður. Íslenskt samfélagi auðgíst af því að taka á móti fleira fólki. Þannig verði lífsgæðin meiri. „Þetta eru sameiginleg markmið. Ég fæ aukin lífsgæði, góða skólagöngu og frábæra vini og samfélagið fær skatttekjur. Hvers vegna ekki?“

kristjanabjorg@frettabladid.is



Tugir greina hafa birst í albönskum miðlum um afdrif Telati-fjölskyldunnar á Íslandi. Umfjöllun hér á landi hefur ratað víða. Laura segir það óþægilegt. TELEGRAFI.COM

Íslenskur almenningur fái hlut í banka

STJÓRN MÁL „Það þarf stærra hugsun, við þurfum saman að bera ábyrgð á heildarniðurstöðunni og við getum ekki látið það gerast að einstaka hópar komi í sífellu með sínar sérkröfur og knýi fram hækkunir sem verða um leið lágmarksviðmið næsta viðsejanda,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í setningarræðu sinni á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær.

Bjarni lýsti þeirri skoðun sinni að það fyrirkomulag sem væri við lýði á vinnumarkaði væri gengið sér til húðar. Það tryggði ekki stöðugleika. „Ég bind enn vonir við að samhliða því að við ljúkum samningum til næstu þriggja ára verði samið um breytt fyrirkomulag til framtíðar þar sem lagður er grunnur að áframhaldandi kjara-bótum samhliða meiri stöðugleika í efnahagsmálum.“

Þá sagðist Bjarni hafa þá framtíðarsýn að Landsbankinn yrði skráður á markað með ríkið sem



Bjarni Benediktsson setti landsfund Sjálfstæðisflokksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

stærsta eiganda hans með 40 prósentu hlut. Hann reifaði einnig þá hugmynd að ríkið afhenti íslenskum almenningi hluta af bankanum og hluthafar hér á landi væru því meira en 300 þúsund talsins.

Landsfundur Sjálfstæðisflokks-

ins heldur áfram í dag. Fyrir liggur að skipt verður um varaformann en Hanna Birna Kristjánsdóttir gefur ekki kost á sér að nýju í embættið. Í framboði er Ólóf Nordal, innanríkisráðherra og fyrrverandi varaformaður flokksins. – snæ

SÉRTILBOÐ

Frá kr. **89.900** m/morgunmat

Róm

29. október í 4 nætur

Netverð á mann frá kr. 89.900 á Hotel Aristion m.v. 2 í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Lagersala 21. okt.–25. okt.



Allt að 80% afsláttur

Börn



Pór hettupeysa
-8.800 kr. **3.520 kr.**

Dömur



Skálafell jakki
38.500 kr. **15.400 kr.**

Herrar



Vík hettupeysa
-23.000 kr. **6.900 kr.**

Aukahlutir



Kaldi húfa
-9.400 kr. **3.760 kr.**

Ungabörn



Ugla peysa / samfella
3.900 kr. **1.560 kr.**

Dömur



Hengill Peysa
-19.700 kr. **5.910 kr.**

Herrar



Setberg anorak
-27.700 kr. **11.080 kr.**

Aukahlutir börn



Óðinn húfa
-2.000 kr. **1.000 kr.**

Ungabörn



Ugla galli
5.800 kr. **2.320 kr.**

Dömur



Vatnajökull 800 dúnkápa
-49.000 kr. **19.600 kr.**

Herrar



Vatnajökull 800 dúnjakki
-55.000 kr. **22.000 kr.**

Aukahlutir



Viðey ullartrefill
-9.900 kr. **2.970 kr.**

Börn



Pór Softshell jakki
-14.300 kr. **5.720 kr.**

Dömur



Jaðar buxur
19.700 kr. **5.910 kr.**

Herrar



Jaðar buxur
-19.700 kr. **5.910 kr.**

Aukahlutir börn



Ásgarður húfa
-5.400 kr. **2.700 kr.**

Útsölumarkaður Faxafen 12 | 108 Reykjavík
Skipagata 9 | 600 Akureyri
Miðvangur 13 | 700 Egilsstaðir

Opnunartími: mið.-fös. 8-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
Opnunartími: mið.-fös. 9-18 | lau. 10-18 | sun. 12-18
Opnunartími: mið.-fös. 11-18 | lau. 11-18 | sun. 12-16

Oliuvinnsla út af borðinu

STJÓRN MÁL „Það breytir engu þó að einhverjir geti grætt á loftslagsbreytingum, grætt á því að nýta auðlindir norðurskautsins, grætt á nýjum siglingaleiðum. Við eigum ekki að græða á því sem veldur eynd annarra, sem skaðar náttúruna.“ Þetta sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, í setningarræðu sinni á landsfundi flokksins í gær.

Við eigum ekki að græða á því sem veldur eynd annarra, sem skaðar náttúruna.

Katrín Jakobsdóttir formaður VG



Hún hélt áfram: „Við höfum raunverulega möguleika á því að verða kolefnishlutlaust land. Við getum sagt: Oliuvinnsla er ekki valkostur miðað við stöðuna og við ætlum að hverfa frá henni.“ Þetta er þvert á stefnu forvera hennar í embætti formanns, Steingríms J. Sigfússonar, en sem atvinnuvegaráðherra gaf hann út fyrstu leyfi til oliuleitar á Dreka-svæðinu.

Í aðdraganda landsfundar hefur fjöldi flokksmanna skorað á starfsmann flokksins, Daníel Hauk Arnarsson, að gefa kost á sér til embættis varaformanns. Viss óánægja hefur ríkt innan flokksins með störf Björns Vals Gíslasonar varaformanns og hann þótt fjarlægur höfuðborgardeild flokksins. Daníel hefur ekki orðið við áskoruninni. – snæ

Í traustum faðmi



Það er gott að vera í traustum faðmi vina sinna. Það veit þessi sex mánaða gamli kóalahúnn sem hélt sér fast í dýrahríðinn Lenu í dýragarðinum í Duisburg í Þýskalandi í gær. Húnninn, sem vegur 580 grömm, hefur ekki fengið nafn enn þá. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skýlaus krafa að ríkið bæti skaðann

Vopnafjarðarhreppur verður af stórum hluta tekna sinna á næsta ári vegna innflutningsbanns Rússa, að óbreyttu. Sveitarstjórn krefst aðgerða af hálfu stjórnvalda enda skaðinn vegna vanhugsáðrar aðgerðar. Vart það heimili á Vopnafirði þar sem áhrifanna gætir ekki.

SVÁVARÚTVEGUR Innflutningsbann sjávarafurða til Rússlands getur að óbreyttu orðið til þess að skatttekjur Vopnafjarðarhrepps á næsta ári skerðist stórlega. Bannið hefur gríðarleg áhrif á flest heimili á staðnum enda HB Grandi kjölfestan í atvinnulífnum á staðnum.

Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, segir að stjórnvaldsákvörðun sem tekin er og hefur slík áhrif á eitt samfélag hljóti að kalla á aðkomu ríkisins að málinu. Það sé skýlaus krafa af hálfu sveitarstjórnar að skaði sé metinn og samfélaginu bættur skaðinn sem verður.

Með þetta erindi fóru sveitarstjórnarmenn til fundar við Sigurð Inga Jóhannsson sjávarútvegsráðherra á fimmtudag. „Við höfum rætt málið við þingmenn og ráðherra og þeir eru að skoða hinar ýmsu leiðir. En enn og aftur teljum við að áður en farið er í svona aðgerðir hefði átt að liggja fyrir aðgerðaráætlun um það hvernig bregðast ætti við, það er vönduð stjórnsýsla að okkar mati. Ekki skjóta og spyrja svo,“ segir Ólafur.

Á Vopnafirði eru íbúar um 700 en 65 fastráðnir starfsmenn í uppsjávarfrystihúsi HB Granda allt árið. Þá eru ótaldir fimmtíu til sextíu starfsmenn

Fólk hefur miklar áhyggjur af afleiðingum viðskiptabannsins, þetta er uppi staðan í atvinnu á staðnum.

Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri



sem koma til vinnu á álagstímum og í sumarafleysingum og missa alveg af þeim uppgripum eins og útlitið er.

Um 30 prósent af launagreiðslum HB Granda á Vopnafirði eru vegna frýstingar loðnaafurða á vetrarvertíð. Þróist mál þannig að lítið sem ekkert verði unnið af loðnu þá má reikna með að tekjutap sveitarfélagsins geti numið um 24 milljónum króna. Áætlaðar skatttekjur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2016 verða um 315 milljónir, þannig að bannið getur haft þau áhrif að skatttekjur skerðast um 7-8 prósent. Þess utan minnir Ólafur á að viðskiptabannið hefur áhrif á alla þætti

samfélagsins s.s. verslun, rafverktaka, vélsmiðjur, veitingastaði og aðra þjónustustarfsemi.

Á Vopnafirði er eingöngu unninn uppsjávarfiskur, þar er engin bolfiskvinnsla eins og er á öllum öðrum stöðum sem innflutningsbannið snertir. Það er því ekki í annað að fara. Þá hafa framkvæmdir sem sveitarfélagið hefur ráðist í á undanförunum árum að stórum hluta byggst á þeirri starfsemi sem HB Grandi rekur á staðnum. Í ár standa t.d. yfir framkvæmdir í höfninni fyrir 160 milljónir króna, til að mæta stærri skipum og meiri umsvifum. svavar@frettabladid.is

Lokað laugardaginn 24. október

Vegna námskeiðahalds starfsmanna

Ormsson og **Samsung-Setursins**

verða verslanirnar lokaðar

laugardaginn 24. október.

Opnum aftur fyrir heimilin í landinu, **mánudaginn 26. október.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

VETRARDAGAR



weatherTM
report

Kuldagalli

Verð nú: **7.257**

verð áður: 8.999

**TAX
FREE
DAGAR**

DAGANA 23.- 25. OKTÓBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF KULDAFATNAÐI,
ULLARFATNAÐI, VETTLINGUM,
KULDASKÓM OG HÚFUM
Gildir ekki af outletvörum

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Búið við skorti á mjólkurfræðingum

Enginn Íslendingur hefur getað skráð sig í nám í mjólkurfræðum frá árinu 2011 þegar Danir settu skorður á erlenda nema. Meðalaldur íslenskra mjólkurfræðinga er um 50 ár. Þingmaður Framsóknarflokksins vill ráðast í endurskoðun á tilhögun náms í mjólkurfræði.

MENNTUN Svo gæti farið að innan nokkurra ára verði skortur á mjólkurfræðingum á Íslandi. Enginn Íslendingur er nú við nám í mjólkurfræði og aðeins þrjú mjólkurfræðingar hafa útskrifast frá árinu 2011. Landbúnaðarráðherra hefur miklar áhyggjur af stöðunni og telur eðlilegt að hlutast til um málið.

Flestir íslenskir mjólkurfræðingar hafa numið greinina í Óðinsvéum en eftir að Danir gerðu útlendingum erfitt að sækja námið hefur enginn sótt nám í skólanum. Meðalaldur mjólkurfræðinga á Íslandi er um 50 ár og margir þeirra eru við það að fara á eftirlaun.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra er áhyggjufullur yfir stöðunni. „Eftir að mér var greint frá stöðu mála hef ég verið að kanna þetta og ef fram heldur sem horfir gætum við horft upp á skort á mjólkurfræðingum í nánustu framtíð. Eg hef verulegar áhyggjur af stöðunni og tel að við þurfum að skoða þetta ofan í kjölinn til að tryggja að íslenskt þjóðfélag eigi nægilegan fjölda mjólkurfræðinga,“ segir Sigurður Ingi.

Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins hefur ekki verið starfandi frá því í febrúar á þessu ári og ný nefnd hefur ekki verið skipuð hjá menntamálaráðherra. Menntamálaráðherra sagði í þingræðu þann 20. október 2014 að hann hefði átt samtal við dönsk yfirvöld vegna málsins. „Ég átti ágæta fundi með danska menntamálaráðherranum í sumar þar sem við ræddum meðal annars breytingar á starfsnámi

Ef fram heldur sem horfir mun verða skortur á íslenskum mjólkurfræðingum mjög fljótlega.

Jóhanna María Sigmundsdóttir,

Þingmaður Framsóknarflokksins



Eg hef verulegar áhyggjur af stöðunni og tel að við þurfum að skoða þetta ofan í kjölinn til að tryggja að íslenskt þjóðfélag eigi nægilegan fjölda mjólkurfræðinga.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra



hjá Dönum. Fyrirhuguð er ferð til Danmerkur til þess að grafast fyrir um þær lausnir sem þeir hafa fundið.“ Nú ári seinna virðast ekki vera breytingar í farvatninu.

Jóhanna María Sigmundsdóttir er forsvarsmáður þingsályktunartillögu sem nú liggur fyrir þinginu um að fela menntamálaráðherra að ráðast í endurskoðun á tilhögun náms í mjólkur-



Mjólkurfræðingum, sem nú eru 96 talsins, gæti fækkað umtalsvert á næstu árum. Fréttablaðið/Pjetur

fræði þannig að tryggt verði að íslenskir nemendur komist að í slíku námi. „Eins og staðan er núna er þetta grafalvarlegt. Mjólkurfræðingar vinna í brugghúsum og í sælgætisidnaði svo dæmi séu tekin svo þetta er mikilvæg iðngrein. Ef fram heldur sem horfir mun verða mikil vöntun á íslenskum mjólkurfræðingum mjög fljótlega,“ segir Jóhanna María. sveinn@frettabladid.is

Fjölbreytt starf mjólkurfræðinga

Mjólkurfræði er undirstöðuáttvinnugrein í vinnslu mjólkurvara. Mjólkurfræðingar starfa í mjólkurbúum, afurðastöðvum eða annars staðar í matvælaidnaði við mjólkurvinnslu, framleiðslu mjólkurafurða, rannsóknir og vöruþróun. Mjólkurfræðingar geta einnig starfað í sælgætisgerðum, ölgerðum, hjá ísframleiðendum og svo mætti lengi telja. Mjólkurfræðingar rannsaka mjólk áður en hún kemur til vinnslu og fylgja framleiðslunni eftir allt þar til fullunnin vara er tilbúin.

KYNNINGARFUNDUR – MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Nauthóll við Nauthólsveg
Föstudagur 30. október kl. 8:30 – 10:00
Morgunkaffi frá kl. 8:00

Búrfellslundur

Frummatsskýrsla Búrfellslundar, vindmyllusvæðis ofan við Búrfell, liggur nú fyrir. Á fundinum verða helstu niðurstöður kynntar og rætt um möguleg áhrif á umhverfi lundarins.

Skráning á landsvirkjun.is.

Fundarstjóri: **Ragna Árnadóttir**, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Rafrænt umhverfismat: Ný leið til samskipta við hagsmunaaðila
Margrét Arnadóttir, verkefnastjóri vindorku hjá Landsvirkjun

Hvaða áhrif hafa vindmyllurnar á umhverfið?

Rúnar Dýrmundur Bjarnason, verkefnastjóri hjá Mannviti

Hvernig getur þú komið að málum?

Jóna Bjarnadóttir, verkefnastjóri umhverfismála hjá Landsvirkjun

Rafræn frummatsskýrsla sýnir framkvæmdina og áhrif hennar á myndrænan hátt. Hægt er að skila inn athugasemdum til Skipulagsstofnunar til 26. nóvember nk.

Skýrsluna má nálgast á burfellslundur.landsvirkjun.is

 Landsvirkjun




Tegundakynning Kynjakatta

FRÁ 12:00 TIL 17:00
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMIÐ OG KYNNIST FULLT AF SKEMMTILEGUM KATTATEGUNDUM
PERSI | SPHYNX | MAIN COON | NORSKUR SKÓGARKÖTTUR | OFL

DÝRAHJÁLP ÍSLANDS VERÐUR Á STAÐNUM
FJÖLDI ÁHUGAVERÐRA FÓÐURKYNNINGA
LUKKUPOTTAR OFL.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GÆLUDÝRAVÖRUM



MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA
VETRARPLANTNA
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SERÍUM

SÝPRUSAR
VERÐ FRÁ 490kr



NÝ SENDING AF FALLEGRI
HEIMILIS OG GJAFAVÖRU
FRÁ HOME ART, HOUSE DOCTOR OFL.

STOFUPLÖNTUR
20% AFSLÁTTUR

OPIÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Gardheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

ÍLS kaupir bréf af ESÍ fyrir 70 milljarða króna

VIÐSKIPTI Íbúðalánasjóður hefur undirritað samning við dótturfélag Seðlabankans, ESÍ ehf., um kaup á skuldaþréfum fyrir 70 milljarða króna.

Um er að ræða sértryggt skuldaþréf með veði í húsnæðislánunum sem eru útgefin af Arion banka hf. Samningurinn er gerður með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og endanlegt samþykki stjórnar.

„Með því að fjárfesta óverðtryggt hluta lausaffjár sjóðsins náum við að tryggja sjóðnum hærra vexti, auk þess að verja sjóðinn fyrir áhrifum mögulegra verðbóluskota,“ segir Hermann Jónasson, forstjóri Íbúðalánasjóðs. Með kaupum á skuldaþréfunum komi sjóðurinn stórum hluta af uppgreiðslufjármunum sínum aftur í form vaxtaberandi verðtryggðra eigna. – jhh

Skóða verklag vegna Símasölu

Arion banki segir það hafa verið óheppilegt að selja fimm prósent hlut til valinna viðskiptavina bankans skömmu fyrir hlutafjárútbod.

Viðskiptavinirnir fengu að kaupa á lægra verði en fékkst í útboði í byrjun október. Bankinn segist hafa vanmetið hve mikil eftirspurn var eftir hlutabréfum í Símanum. Þessi tilhögun sé til skoðunar í bankanum.

Bankinn segir aðila sem tengjast félaginu L1088 ehf. ekki hafa fengið afslátt af hlutum í símanum. – ih

Miskunna mér, Drottinn, því að ég er í nauðum staddur...

www.versdagis.is

Steingrímur segir fjármögnun Vaðlaheiðarganga sérstakt tilvik

Steingrímur J. Sigfússon segir fjármögnun Vaðlaheiðarganga vera sérstakt tilvik þar sem ekki hafi tekist að fá lífeyrissjóðina að borðinu. Telur veggjöld standa undir kostnaði og ríkið fá svo samgöngubótina frítt.

SAMGÖNGUMÁL Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, segir það ekki nýuppgeittuð sanni að ríkisábyrgðarlög höfðu verið tekin úr sambandi þegar fjármögnun Vaðlaheiðarganga var samþykkt og ríkisábyrgð veitt á lánunum til félagsins. „Það var Alþingi sem samþykkti þetta á endanum og heimilaði fjármögnunina eins og hún stendur nú með sérlögum og ekkert við því að segja. Fjármálaráðherra gerir þetta ekki upp á eigin spýtur,“ segir Steingrímur.

Ríkisendurskoðun hefur gefið út skýrslu þar sem stofnunin gagnrýnir verklag við fjármögnun ganganna. Með láninu var vikið frá skilyrðum fyrir veitingu ríkisábyrgða og endurlána, að Vaðlaheiðargöng hf. legði fram að minnsta kosti 20 prósent af heildarfjárförf verkefnisins og að ábyrgð ríkissjóðs næmi ekki hærra hlutfalli en 75 prósentum.

Miðað við núverandi aðstæður er ólíklegt að lánið verði greitt að fullu í ársbyrjun 2018 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Ríkisendurskoðun býst við að kostnaður við verkið fari fram úr áætlun, en engar áætlanir hafi verið gerðar til að bregðast við því. Steingrímur blæs á slíkt. „Þróun umferðar um Víkurskarð frá hrúni sýnir gríðarlega fjölgun umferðar og þegar uppbygging framkvæmda



Steingrímur hefur ekki lesið skýrslu Ríkisendurskoðunar. Alþingi hafi hins vegar samþykkt að taka ríkisábyrgðarlög úr sambandi við fjármögnun ganganna. FRÉTTABLAÐID/AUÐUNN

Það var Alþingi sem samþykkti þetta á endanum og heimilaði fjármögnunina eins og hún stendur nú með sérlögum og ekkert við því að segja.

Steingrímur J. Sigfússon



í Þingeyjarsýslum fer í gang af krafti verður umferðin enn meiri svo ég hef litlar áhyggjur af þessu,“ segir Steingrímur. „Það sem skiptir mestu máli í þessu samhengi er að göngin munu nýtast okkur næstu eitt hundrað árin hið minnsta. Þessi fjármögnun var auðvitað sérstakt tilvik þar sem ríkið gerist fjármögnunaraðili. Síðan munu

veggjöld greiða upp þessa framkvæmd og á endanum mun ríkið fá þetta gefins,“ segir Steingrímur.

Steingrímur segir menn fyrst vera á svartsýnisvængnum en lofa svo framkvæmdina þegar hún er komin í gagnið. „Við getum skoðað Héðinsfjarðargöng og Hvalfjarðargöng sem glögg dæmi þar um,“ segir Steingrímur.

Samkomulag milli ríkisins og Vaðlaheiðarganga hf. um framkvæmd fjármögnunar Vaðlaheiðarganga var undirritað þann 17. ágúst árið 2011. Þá var Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Oddný Harðardóttir tók síðan við af Steingrími og lagði fram frumvarp um heimild til að fjármagna gerð ganganna. sveinn@frettabladid.is

Innritun á vorönn 2016

Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2016

Innritun í dagskóla á vorönn 2016 fer fram á www.menntagatt.is dagana 1. til 30. nóvember 2015.

Sótt er um rafrænt á www.menntagatt.is og þarf til þess Íslykil, auðkennislykil eða rafræn skilríki. Þeir nemendur sem eiga ennþá veflykil frá lokum 10. bekkjar geta notað hann til að sækja um.

Menntamálastofnun hefur umsjón með innrituninni og eru nánari upplýsingar veittar í síma 514 7500.

Umsóknir um nám í kvöldskóla og fjarnám

Innritun í kvöldskóla, fjarnám og annað nám utan dagskóla fer fram í þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á slíkt nám.

Skólarnir auglýsa umsóknarfrest vegna þessa og leggja til umsóknareyðublöð, en ekki er sótt um þess konar nám rafrænt á **Menntagáttinni**.

Allar nánari upplýsingar um innritun á vorönn 2016 eru veittar hjá framhaldsskólunum. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið innritun@mms.is.



Lögregla færir grunaðan morðingja fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna gæsluvarðhaldsúrskurðar í gær. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Í tveggja vikna varðhald grunaður um manndráp

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri var gær úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald í tengslum við rannsókn lögreglu á mannláti í húsi við Miklubraut um klukkan tíu á fimmtudagskvöld. Maðurinn er grunaður um að hafa banað manni um sextugt.

Lögreglu barst tilkynning um alvarlega líkamsárás í húsinu rétt fyrir tíu um kvöldið. Þegar hún kom á staðinn skömmu síðar fannst þar karlmaður sem orðið hafði fyrir líkamsárás og var hann úrskurðaður látinn á vettvangi. „Lagt var hald á eggvopn, sem grunur leikur á að hafi verið notað við verknadinn,“ segir í tilkynningu lögreglu. „Hinn látni bjó í húsinu og meintur gerandi sómuleiðis, en enginn annar er grunaður í málinu.“

Í húsinu er búsetukjarni Reykjavíkur fyrir geðfatlaða einstaklinga sem eiga við fjölþætta vanda að stríða, svo sem vegna neyslu vímuefna. Fram kom á fréttavef Visis.is í gær að íbúar og starfsfólk hússins sé slegið yfir atburðinum. Haft er eftir Stefáni Eiríkssyni, sviðsstjóra velferðarsviðs borgarinnar, að vel og fagmannlega hafi verið brugðist við af hálfu starfsmanna.

„Við fyrstu yfirferð er ekkert sem bendir til þess að það hafi eitthvað verið gert sem ekki átti að gera eða hafi verið í ósamræmi við það vinnulag sem þarna tíðkast,“ segir Stefán. Málið verði þó skoðað og athugað hvort eitthvað megi lagfæra í verklagi með hliðsjón af atburðinum. – óká, ktd

Audi
Vorsprung durch Technik



Audi A3 e-tron

Nýir tímar kalla á nýja tækni.

Audi A3 e-tron sameinar helstu kosti raf- og bensínbíla. Raforkan ein og sér dugar í flestar ferðir innanbæjar, eða allt að 50 kílómetra. Í lengri ferðum gengur sparneytin bensínvél til liðs við e-tron rafdrifið svo samantöð akstursdrægni er 940 kílómetrar. Með Audi A3 e-tron eru þér allir vegir færir.

A3 Sportback e-tron, 204 hö, 7,6 sek 0-100 km/klst.,
CO₂ 35 g/km, eyðsla: 1,5 l. í blönduðum akstri.
Verð frá 5.190.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

Sætti gagnrýni af því að hún er kona

Gro Harlem Brundtland mætti erfiðleikum vegna kynferðis síns þegar hún varð forsætisráðherra Noregs, fyrst kvenna. Segir of fáar konur í forystuhlutverki í einkageiranum. Kom til Íslands í vikunni í tilefni þess að öld er liðin frá því að konur fengu hér kosningarétt.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, segir mikilvægt að halda kvennabaráttunni vakandi þótt mikill árangur hafi náðst í okkar heimshluta, ekki síst á Norðurlöndunum.

„Hættan er sú að ungar konur, og karlar reyndar líka, slaki á þegar jafnrétti er orðið að veruleika og átti sig ekki á nauðsyn þess að standa áfram í baráttunni. Þetta getur leitt til þess að það komi bakslag. Þannig að það þarf að halda yngri kynslóðum vakandi fyrir því um hvað þetta snýst og að ekkert sé sjálfgefið.“

Gro Harlem kom hingað nú í vikunni til að taka þátt í málþingi í Hörpu, sem haldið var í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá því konur fengu hér kosningarétt. Og í dag eru liðin fjörutíu ár frá því eftir var til kvennafriðdagsins hér á landi.

Þróunin hefur orðið hröð á síðustu áratugum, en jafnvel á Norðurlöndunum er ýmislegt ógert.

Einkafyrirtækin eru næst

„Hvað Noreg varðar þá erum við enn að takast á við það að of fáar konur eru í forystuhlutverki í fyrirtækjum í einkageiranum,“ segir Gro Harlem. „Á þessu sviði hafa breytingarnar

gerst undarlega hægt, þótt annars hafi náðst tímamótaárangur um allt land í pólitíkinni,“ segir hún.

„Fyrir um það bil tíu árum voru síðan sett lög sem skylda fyrirtæki, sem skráð eru opinberlega, til þess að vera með að minnsta kosti 40 prósent af hvoru kyni í stjórnun. Þetta var alveg nýtt og margir börðust gegn þessu en samt var þetta gert og er komið til framkvæmda. En ég reikna með að tíu ár muni líða til viðbótar þangað til þessar breytingar verða að fullu komnar fram. Þetta gengur allt saman frekar hægt fyrir sig.“

Sá árangur sem náðst hefur er þó enn sem komið er mestur á Vesturlöndum. Viða annars staðar búa konur enn við grófa mismunun og ofbeldi af ýmsu tagi. Gro Harlem sér þó enga ástæðu til að örvænta.

„Ég held að það sé komin hreyfing á þessi mál um heim allan. Í flestum Afríkuríkjum er full þátttaka kvenna orðin að veruleika, að minnsta kosti í kosningum, og í sumum Afríkuríkjum er hlutfall kvenna í stjórn-málum almennt orðið mjög hátt, til dæmis í Rúanda, þannig að það hafa orðið miklar framfarir.“

Alþjóðasáttmálar skipta máli

„Auðvitað er mörgu enn ábótavant, þannig að baráttan heldur áfram,“ segir Gro Harlem, en bendir á að Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og fleiri alþjóðalög hafi reynst mikilvæg. Þá hafi mark-

Auðvitað er mörgu ábótavant þannig að baráttan heldur áfram.

Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs

mið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verið samþykkt í New York fyrir fáeinum vikum.

„Þar er að finna skýrar kröfur um jafnrétti kynjanna, valdeflingu kvenna, menntun stúlkna og fleira slíkt. Þannig að þau 190 lönd, sem nú eru í Sameinuðu þjóðunum, hafa haldið áfram að vinna að þessum málum og komið sér saman um þennan texta, þannig að alþjóðareglurnar eru nú mjög skýrar.“

Þarna er að finna ákvæði um valdeflingu kvenna innan fjölskyldunnar og í efnahagslífinu, til viðbótar við pólitíska þátttöku.

„Þetta þýðir að konur eigi rétt á að segja sitt til dæmis um það hve mörg börn eigi að eignast. Þarna eru ákvæði um að útrýma öllu ofbeldi og mismunun gegn konum, koma í veg fyrir hjónabönd barna og auðvitað að útrýma kynfæralemstrun kvenna. Þetta eru skref sem hægt er að leggja áherslu á, þannig að árið 2030 eiga öll þessi dæmi um ofbeldi, mismunun gegn konum og mann-



Gro Harlem Brundtland í Hörpu á fimmtudaginn var, þar sem hún tók þátt í málþingi í tilefni af aldarafmæli kosningaréttar kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

réttindabrot að vera úr sögunni. Og það er mögulegt,“ segir Gro Harlem, bjartsýn á framtíðina.

Kynferðid notað gegn henni

Hún varð forsætisráðherra Noregs í febrúar árið 1981 og segist hafa mætt ýmiss konar erfiðleikum vegna kynferðis síns, en hvað skyldi hafa verið erfiðast?

„Ég býst við að það erfiðasta hafi verið að Íhaldsflokkurinn, sem var stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, hafi óspart notað það gegn mér að ég var kona. Það voru haldnar

kosningar í september þetta ár, þegar ég var búin að vera átta mánuði í embætti, og þeir notfærðu sér í kosningabaráttunni þessa staðreynd að forsætisráðherrann og leiðtogi Verkamannaflokksins var kona. En ég man eftir að hafa hugsað með mér að ég skyldi bara láta þetta yfir mig ganga, því þetta væri sögulegt skref og að kannski yrðum við komin yfir þetta þegar næst kæmi að því að kona yrði forsætisráðherra í Noregi. Og það reyndist líka rétt því núna er kona forsætisráðherra og hún hefur ekki þurft að ganga í gegnum þetta.“

Mercedes-Benz

Ljúfir gæðabílar – en smá notaðir

Kíktu á úrvalið á www.notadir.is



Mercedes-Benz

GLK 220 4MATIC



Árgerð 2012, ekinn 41 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.

Dráttarbeisli, inniljósapakki, krómpakki, parktronic, hiti í framsætum, skyggðar rúður, Offroad pakki o.fl.

Verð 5.890.000 kr.
Afb./mán. 54.900 kr.*

E 220



Árgerð 2014, ekinn 12 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.

17" álfelgur, LED dagljósabúnaður, hiti í sætum, Metallic lakk o.fl.

Verð 7.990.000 kr.
Afb./mán. 74.500 kr.*

A 180



Árgerð 2014, ekinn 27 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 109 hö.

Leðuráklæði, hiti í framsætum, inniljósapakki, 16" álfelgur o.fl.

Verð 4.290.000 kr.
Afb./mán. 40.000 kr.*

B 180



Árgerð 2013, ekinn 38 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 109 hö.

Bakkmyndavél, krómpakki, hiti í framsætum, 16" álfelgur, inniljósapakki, sætisþægindapakki o.fl.

Verð 4.490.000 kr.
Afb./mán. 41.900 kr.*

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,73–10,79%

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is
Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16



NOTAÐIR BÍLAR

Gleðileg jól á Slippbarnum

Þann 20. nóvember byrjum við að skreyta jólamatseðlana á Slippbarnum og setja upp glitrandi seríur af litríkum kokteilum. Við elskum að njóta og deila spennandi mat, láta klingja í kokteiglösunum, hittast, hlæja, skemmta okkur, sötra, smakka og hlæja meira.

Kíktu í hádeginu, á kvöldin eða í brunch um helgar og láttu þig hlakka til jóllanna á Slippbarnum.

SLIPPBARINN



Pantaðu borð tímanlega og fáðu nánari upplýsingar í síma: 560 8080 eða slippbarinn@icehotels.is
Viltu gera meira úr kvöldinu? Bókaðu gistingu á Icelandair hótél Reykjavík Marina - www.icelandairhotels.is

Slippbarinn Mýrargata 2 101 Reykjavík Sími 560 8080 www.slippbarinn.is

DISCOVERY SPORT

GLÆSILEG FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12-16

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er ríkulega búinn staðalbúnaði með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hinu annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 7.190.000 kr.

www.landrover.is



VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR



ABOVE & BEYOND



ENNEEM / SIA / NN71481

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Örþingd upprætt?



Kristín
Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þjóðir heims fagna 70 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna í dag. Örþingd er óréttlát og henni þarf að útrýma. Það er einmitt höfuðmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Börn sem búa við sára fátækt ráða sjálf engu um stöðu sína. Bestu fréttir samtímans eru að nú dregur úr sárustu örþingd. Kynslóðin sem núna vex úr grasi er sú fyrsta, sem horfir fram á að hugsanlega megi uppræta fátækt.

Hagtölur gefa ófullkomna mynd. Framfarir sem tölur endurspeglar eru þeim tíu af hundraði mannkyns, sem enn eru bjargarlaus sökum fátæktar, engin huggun. En tölurnar segja sögu. Í fyrsta skipti frá því hagmælingar hófust, búa innan við tíu prósent fólks við örþingd samkvæmt tölum Alþjóðabankans. Það eru sjö hundruð milljónir, alltof há tala. En það er huggun harmi gegn að talan er fjórðungi lægri en 2012. Um aldamótin þurftu 1,7 milljarðar, 29 prósent fólks, að líða sára fátækt.

Þá settu Sameinuðu þjóðirnar sér svokölluð Þúsaldarmarkmið, sem mörgum þóttu skýjaborgir. Eitt markmiðið var að fækka þeim, sem við sárasta örþingd búa um helming fyrir árið 2015. Það hefur gengið eftir. Þeim sem þurfa að draga fram lífið fyrir minna en 1,8 dollara á dag hefur fækkað um meira en sextíu prósent frá aldamótum, þrátt fyrir fjölgun mannkyns.

Leiðtogar heims hafa sett sér ný markmið, sem taka við af Þúsaldarmarkmiðunum. Þau eru enn háleitari. Eftir 15 ár á hvert einasta mannsbarn á jörðinni að hafa til hnífs og skeiðar – enginn á að ganga til náða með tóman maga. Það hljómar eins og draumórar. En í ljósi þess sem gerst hefur megum við alveg leyfa okkur að vera bjartsýn. Það er beinlínis rangt að heimur fari versnandi.

Auðvitað eru blikur á lofti. Jákvæðu teiknin sem hagtölurnar endurspeglar eiga sér fyrst og fremst rætur í Kína og á Indlandi. Í báðum löndum hefur verið forðæmalaus hagvöxtur. Sýn fræðimanna á framtíðina er misvísandi. Þolmörk náttúrunnar skipta mestu. Margir eiga bágð með að trúna að meðbyrinn haldi áfram.

Í Afríku sunnan Sahara hefur þróunin verið hægari. Þar býr tæplega milljarður manna og um 340 milljónir eru enn sárafátæk, um helmingur þeirra sem eru í fátæktarþjórum. Góðu fréttirnar eru, að álfan er strjálbyl og rík af náttúrugæðum. Jarðvegur er víða frjósamur og ótal tækifæri til betri lífskjara.

Viðsjárvert pólitískt ástand stendur mörgum Afríku-þjóðum fyrir þrifum. Ýmis teikn eru um að það geti breyst. Menntun eykst og sjúkdómar, eins og malaría, eru á undanhaldi. Fleiri börn komast á legg og færri mæður deyja af barnsförum.

Sameinuðu þjóðirnar geta ekki eignað sér viðsnúninginn nema að hluta. En Þúsaldarmarkmið þeirra voru engar skýjaborgir. Það eru bestu fréttir síðari ára.



Í báðum löndum hefur verið forðæmalaus hagvöxtur. Sýn fræðimanna á framtíðina er misvísandi. Þolmörk náttúrunnar skipta mestu. Margir eiga bágð með að trúna að meðbyrinn haldi áfram.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Dráp konur án þess að fatta það



Hver seldi þér kaffið sem þú keyptir á leiðinni í vinnuna í morgun? Var það karl eða kona? Skiptir það máli? Skiptir máli hvort karl eða kona las Sjónvarpsfréttirnar í gær? Skiptir máli hvort það verður karl eða kona sem fær Íslandsbanka á silfurfatí einhvern tímann á næstu misserum? Skiptir máli hvort það er karl eða kona sem skrifar þennan pistil?

Árið 1935 voru risakörtur fluttar inn til Ástralíu frá Suður-Ameríku. Hundrað og tveimur var sleppt lausum í Queensland. Afleiðingarnar hefði enginn getað séð fyrir. Körtunum var ætlað að stemma stígu við pest, bjöllum sem herjuðu á sykurreyr og eyðilögðu uppskeru. En vistkerfi eru óútreiknanleg. Körtunarnar höfðu engin áhrif á bjöllurnar. Þær reyndust hins vegar dýra- og plöntulífi Ástralíu plága. Körtunarnar skipta nú hundruðum milljóna. Þær eru eittraðar og ef rándýr leggur sér þær til munnar er því bráður bani búinn. Ein karta getur gert út af við heilan krókóðil. Svo óvænt og flókin var keðjuverkunin sem átti sér stað í vistkerfi Ástralíu með tilkomu risakörtunnar að líffræðingar skilja hana ekki enn til fulls. Fjöldi dýra- og plöntutegunda er í útrýmingarhættu á ákveðnum svæðum vegna hennar.

Úps!

Stundum virðast hlutir ekki skipta máli – hvaða skaða geta svo sem nokkrar körtur valdið? En fríðsæll vængjaþyrtur fíðildis á einum stað getur komið af stað stormi á öðrum. Um svipað leyti og risakörtunarnar tóku að dreifa sér um Ástralíu voru fyrstu bílaárekstraprófin gerð við Wayne State University í Detroit í Bandaríkjunum. Í upphafi var aðferðafræðin nokkuð frumstæð, mannslíki var hent niður lyftugöng. En árið 1949 var tilraunabrúða tekin í notkun. Fékk hún nafnið Sam.

Þekkt er að langtum fleiri karlmenn en konur starfi í bílaíðnaðinum og almennt sem verkfræðingar. Það ætti svo sem ekki að skipta neinu máli í sjálfu sér. Það reyndist hins vegar gera það.

Um síðustu aldamót tóku að renna tvær grímur á menn í bílaíðnaðinum. Einsleitur hópur hvíttra karlmanna gerði uppgötvun. Farartæki þeirra voru mun

hættulegri konum en körlum. Hvers vegna? Jú, öryggisprófanir höfðu einfaldlega ekki verið gerðar að neinu ráði með brúðum sem endurspegluðu kvenlíkama. Úps. Það var ekki fyrir árið 2011 sem bandarísk yfirvöld tóku að krefjast þess að ákveðnir öryggisþættir bifreiða yrðu einnig prófaðir með kvenkyns tilraunabrúðum en ekki bara gamla góða Sam.

Alveg eins og árið 930

Fyrirhuguð skipun dómara í Hæstarétt Íslands hefur verið nokkuð í deiglu síðustu vikur. Í dómnefnd sem meta átti hæfni umsækjenda sátu einungis karlmenn. Fimm jakkafataklæddir miðaldra karlar töldu jakkafataklæddan miðaldra karl hæfastan í stöðuna. Af tíu dómurum Hæstaréttar er aðeins ein kona. Það eru næstum því sömu kynjahlutföll og í fimmtardómi, hæstarétti þjóðveldisaldar, sem settur var á laggirnar við stofnun Alþingis árið 930. En skiptir það einhverju máli? Svo lengi sem allir dómarnir eru hæfir erum við þá ekki bara góð?

Að nánast einungis karlmenn hafi starfað í bíla-bransanum alla 20. öldina hefði í raun ekki átt að skipta neinu máli í sjálfu sér. Þeir voru vafalaust flestir hæfir í störfum og unnu verk sín af vandvirkni og heilindum. En þetta er eins og með körtunarnar. Samfélagslegt vistkerfi mannsins er flókið. Erfitt er að spá um hvaða afleiðingar þáttur eins og einsleitni hefur í för með sér. Í tilfelli öryggisprófana í bílum kostaði einsleitni fjölda kvenna lífið.

Auðvitað á helmingur dómnefndar sem metur hæfni umsækjenda um stöðu hæstaréttardómara að vera konur. Hæstiréttur sjálfur ætti að vera skipaður konum til hálf. Lögspækingar sem nú kvaka um að kynja-umræðan eigi ekki erindi við Hæstarétt eru samfélaginu jafnmikil plága og körtur eru vistkerfi Ástralíu. Hver skaðinn verður af þessum fornálegu froskdýrum kann að vera erfitt að spá um. En sjálf vil ég ekki eiga mitt undir réttarkerfi sem lýtur sömu einsleitni og bílaíðnaður sem dráp konur alla 20. öldina án þess að fatta það.

Langar þig til Bretlands í framhaldsnám?

Breska sendiráðið auglýsir eftir umsóknum um Chevening-námsstyrk til íslenskra ríkisborgara fyrir skólaárið 2016/17

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar:
www.chevening.org/iceland/

Umsóknarfrestur er til 3. nóvember

facebook.com/UKinIceland @UKinIceland

Change is Good

Nýr Hyundai Tucson

Fjór hjóladrif, sjálfskipting, dísilvél



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjór hjóladrif og sparneytna dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson - Verð frá 5.490.000 kr.


HYUNDAI | NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

WAYNE MARK ROONEY

FÆDDUR
24. október, 1985
í Croxteth, Liverpool

FÉLÖG
Everton 2002-04
67 leikir, 15 mörk
Manchester United 2004-
492 leikir, 236 mörk
Enska landsliðið 2003-
107 leikir, 50 mörk



Stendur undir millinafni

Wayne Rooney fagnar þrítugsafmæli sínu í dag en enn sér ekki fyrir endi ferils þessa magnaða knattspyrnukappa. Hann mun leiða sína menn í Manchester United í grannaslagnum gegn City á morgun.



SUNNUDAG KL. 13:55

MAN. UTD. - MAN. CITY

SPORT 2 Það verða engar vöflur og huggulegheit þegar City kemur í heimsókn á Old Trafford. Þeir bláklæddu eru á toppnum og Rauðu djöflarnir þrá ekkert heitar en að ná af þeim sætinu.

FÓTBOLTI Allflestir knattspyrnu-unnendur þekkja Wayne Rooney mætavel. Færri vita að hann heitir fullu nafni Wayne Mark Rooney og óhætt að fullyrða að hann standi svo sannarlega undir (milli) nafni.

Ferill Rooney's er glæsilegur eins og kemur fram hér á síðunni. Hann varð yngsti leikmaður og markaskorari bæði Everton, þar sem hann hóf ferilinn, og enska landsliðsins. Hann varð svo dýrasti táningur sögunnar þegar Manchester United keypti hann á 25,6 milljónir punda. Mörgum þótti glapræði á sínum tíma að greiða svo mikið fyrir átján ára pilt en margsinnis hefur komið í ljós að United gerði kjarakaup.

Það væri of mikið verk að tíunda öll afrek Waynes Rooney í þessum fáu línunum. Hann hefur notið mikillar velgengni, innan vallar sem utan, en einnig komið sér í klandur fyrir misgáfuleg uppátæki í einkalífi sínu. Þá setti hann allt á annan endann þegar hann fór fram á að verða seldur frá Manchester United árið 2010. Hann viðurkendi síðar að það hafi verið stærstu mistök ferils síns.

Rooney fagnar þrítugsafmæli sínu í dag og stendur því á tímamótum í lífi sínu. Það má gera ráð fyrir að hann óski sér helst sigurs á grönnum í Manchester City í borgarslag liðanna á morgun en í húfi er mögulega toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar.

Snemma beygist krókurinn til þess sem verða vill og ef til vill viðeigandi að rifja upp sögu úr æsku Rooney's. Þegar hann var tíu ára fékk hann að vera lukkuþróll Everton í borgarslag gegn Liverpool og ganga með sínum mönnum út á völl. Meðal fríðindanna sem fylgdu því hlutverki var að fá að skjóta á markvörð Everton í upphitun.

Hinn iturvaxni og skrautlegi Neville Southall var þá markvörður Everton. Rooney fór þó illa með gamla manninn og í stað þess að skjóta á hann vippaði sá stutti boltanum yfir Southall hvað eftir annað og í markið.

„Þetta fór í taugarnar á Big Nev,“ rifjaði Dave Watson, sem var fyrirliði Everton í leiknum, síðar upp í viðtali við enska miðla. „Neville var yfirleitt ekkert að skafa utan af hlutunum og lét strákinn hafa það óþvegið.“

Wayne Mark hefur síðan þá ekki hætt að hrella markverði og er ekki útlit fyrir að hann láti af þeirri iðju á næstu árum.

eirikur@frettabladid.is

Ferill Wayne Rooney

2002

17. ágúst Spilaði sinn fyrsta leik með Everton.

2. október Skoraði sitt fyrsta mark í 3-0 sigri á Wrexham í enska deildar-bikarnum og varð yngsti markaskorari Everton frá upphafi.



19. október Yngsti markaskorari ensku úrvalsdeildarinnar er hann tryggði Everton 2-1 sigur á Arsenal með draumamarki.

2003

12. febrúar Frumraun með enska landsliðinu í vináttulandsleik gegn Ástralíu. Varð yngsti landsliðsmaður Englands.

6. september Skoraði gegn Make-dóníu og varð yngsti markaskorari Englands frá upphafi.

2004



Ágúst Samdi við Manchester United sem greiddi metupphæð fyrir táning.

2008

21. maí Vann Meistaradeild Evrópu með Manchester United eftir sigur á Chelsea, 6-5, í vítaspyrnukeppni.

2010

25. apríl Valinn leikmaður ársins af leikmönnum. Skoraði 34 mörk það tímabilið.

2011

12. febrúar Tryggði United sigur gegn City í Manchester-slagnum með hjólhestaspyrnu á 78. mínútu.

2014

Ágúst Gerður að fyrirliða Manchester United eftir að hafa spilað í áratug með félaginu. Gerður að landsliðsfyrirliða í sama mánuði.

2015

8. september Skoraði sitt 50. landsliðsmark og varð markahæsti leikmaður Englands frá upphafi.



Nýjast

Olís-deild karla í handbolta

Njarðvík - Keflavík 84-94
Stigahæstir: Marquise Simmons 26/11 frá. /7 stoðs., Logi Gunnarsson 19, Hjalti Friðriksson 17 - Earl Brown Jr. 29/13 frá., Reggie Dupree 18, Valur Orri Valsson 17/5 stoðs.


Haukar - KR 72-95
Stigahæstir: Stephen Madison 25, Kári Jónsson 18, Haukur Óskarsson 11 - Michael Craion 24/13 frá. /6 stoðs., Þórir Þorbjarnarsson 14, Pavel Ermolinskij 13/11 frá. /8 stoðs., Brynjar Þór Björnsson 11/8 frá., Ægir Þór Steinarsson 10/5 stoðs.

Höttur - Snæfell 60-62
Stigahæstir: Mirko Stefán Virijevic 21/12 frá., Tobin Carberry 20/7 stoðs., Eysteinn Bjarni Ævarsson 9 - Sherrod Nigel Wright 22, Austin Magnus Bracey 13, Óskar Hjartarson 8.

Suðurnesjalliðin Keflavík og Grindavík eru einu ósigruðu liðin eftir þrjár fyrstu umferðirnar. Sherrod Wright tryggði Snæfelli fyrsta sigurinn með flautuprísti.

Efst	Neðst		
Grindavík	6	Haukar	2
Keflavík	6	Þór Þorl.	2
Tindastóll	4	ÍR	2
Stjarnan	4	Snæfell	2
KR	4	FSu	0
Njarðvík	4	Höttur	0

HILMAR ÁRNI MUN SPILA ÁFRAM Í PEPSI-DEILDINN
Hilmar Árni Halldórsson, sem átti með einhverjum hætti þátt í 80 prósent markaleiknis á sínu fyrsta tímabili í Pepsi-deildinni hefur ákveðið að yfirgefa Efra-Breiðholtið í fyrsta sinn. Hilmar Árni hefur gert samning um að spila með Stjórnumni næsta sumar en Leiknir fékk fjögur stig á móti Garðabæjarliðinu í sumar og Hilmar Árni kom með beinum hætti að báðum mörkum Leiknislíðsins í leikjunum við Stjórnumna.



Í dag

07.30 Formúla E í Peking	Sport
13.50 Aston Villa - Swansea	Sport 4
13.50 West Ham - Chelsea	Sport 2
13.50 Leicester - C. Palace	Sport 5
13.55 Celta - Real Madrid	Sport
16.20 Arsenal - Everton	Sport 2
16.25 Keflavík - Haukar	Sport 3
18.00 Barcelona - Kolding	Sport 4
18.40 Palermo - Inter	Sport 3

13.30 UMFA - Selfoss	N1 höllin
13.30 ÍR - Fram	Austurberg
13.30 Fylkir - ÍBV	Fylkishöll
14.00 Grótta - Valur	Hertz höllin
15.00 KA/Þór - HK	KA-hús
16.00 Valur - Hamar	Vodafoneh.
16.00 Grótta - UMFA	Hertz höllin
16.30 Keflavík - Haukar	TM höllin
16.30 Grindav. - Stjarnan	Mustadh.
18.00 Valur - ÍBV	Vodafoneh.

Á morgun

11.25 Sampdoria-Verona	Sport
11.50 Sunderl. - Newcastle	Sport 2
13.55 Man Utd. - Man. City	Sport 2
13.55 Bournem.-Tottenh.	Sport 3
15.55 PSG-Vezsprém	Sport 5
16.00 Liverpool - Southam.	Sport 2
16.10 Barcelona - Eibar	Sport
16.55 Fiorentina - Roma	Sport 4
18.30 Formúla 1, Bandarík.	Sport 3
20.20 Giants-Cowboys	Sport



1975 | Bílabúð Benna | 2015

OPEL VEISLA



BÍLABÚÐ BENNA 40 ÁRA

KÍKTU Í KAFFI OG KÖKU Í DAG!

Bílabúð Benna er 40 ára. Opel-veislan heldur áfram og við bjóðum veglegan afmælispakka með öllum nýjum Opel bifreiðum. Velcomin í Opel-veisluna – við eigum afmæli, þú færð pakkann.



Toyo
harðskeljadekk



Eldsneytisneign
200 lítrar



Löður Gullþvottur
þvottakort - 5 skipti



Bílabúð
Benna

Bein leið í 40 ár

Kynntu þér Opel fjölskylduna á opel.is eða á benni.is. Verið velcomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

Wir leben Autos.



Bolli Ófeigsson, Ólöf Arnalds, Gústaf Axel Gunnlaugsson og Ófeigur Björnsson hituðu upp fyrir kjötsúpudaginn í gær og fengu sér súpu fyrir utan Hegningarhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kjötsúpa fyrir alla

Kjötsúpudagurinn er haldinn hátíðlegur á Skólavörðustígnum í þrettánda sinn í dag. Um 10 þúsund manns hafa mætt síðustu ár.

Viktoría
Hermansdóttir
viktorija@frettabladid.is

„Við erum bara að búa til góða stemmingu í miðbænum og fá fólk til þess að koma í bæinn,“ segir Bolli Ófeigsson, í Gullsmíðju Ófeigs. Kjötsúpudagurinn verður haldinn hátíðlegur í þrettánda sinn í dag á Skólavörðustígnum. Það eru Samtök kaupmanna á Skólavörðustígnum sem standa fyrir hátíðinni sem er alltaf haldin fyrsta vetrardag og gefa margir af fremstu matreiðslumönnum landsins vinnu sína á þessum degi. Það eru meistarakokkar frá veitingastöðunum Ostabúðinni, Premur Frökkum, KOL, Café Loka og Sjávargrillinu sem bjóða upp á

rjúkandi heitar súpur, hver með sínum hætti.

„Kjötsúpudagurinn er hugmynd Jóhanns G. Jóhannssonar heitins, og pabba míns, Ófeigs Björnssonar. Þeir voru að velta fyrir sér hvað væri hægt að gera sniðugt fyrir miðbæinn og þá fékk Jóhann þessa hugmynd,“ segir Bolli sem rekur Gullsmíðju Ófeigs ásamt foreldrum sínum.

Alls verður boðið upp á kjötsúpu á fimm stöðum og fengu fangarnir í Hegningarhúsinu fyrsta skammtinn af súpunni í gær samkvæmt árlegri hefð. „Þeir fá alltaf fyrsta skammtinn en þetta er í síðasta skipti sem það verður því á næsta ári verða ekki fangar í Hegningarhúsinu,“ segir Bolli.

Mikið fjölmenni hefur komið á

hátíðina undanfarin ár. „Það hafa verið að koma 9-10 þúsund manns undanfarin ár og þetta eru 1.000 lítrar af súpu sem eru að fara,“ segir hann.

Tilgangurinn er að fagna fyrsta vetrardegi og um leið hvetja fólk til þess að gera sér ferð á Skólavörðustígnum og sjá hvað hann hefur upp á að bjóða. „Það eru margir sem koma aldrei í miðbæinn nema til þess að fara á fylleri og út að borða. Við viljum fá fólk hingað á kristilegum tíma,“ segir Bolli. Hann segir ferðamennina halda uppi miðbænum um þessar mundir. „Ég er farinn að sakna Íslendinganna.“

Kjötsúpuhátíðin hefst klukkan 14 og stendur til klukkan 16 eða meðan birgðir endast.

LAGERHREINSUN

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Heilsurúm, heilsudýnur, sófaborð, hliðarborð, hvíldarstólar, hvíldarsófar, tungusófar, stakir sófar og stólar, dúnsængur, vatnsskoddar, skammel (opnanleg með geymslu), kollar, heilsukoddar, sjónvarpsskenkar, rúmgaflar, náttborð og margt fleira.



Rúm og dýnur í miklu úrvali

BUGATTI® 20% af öllum Bugatti gjafavörum



VIÐ ERUM Í HLÍÐASMÁRA 1

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

Opið:

Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

SKÓDAGAR Í ELLINGSEN

Í Ellingsen er fullt af alls konar góðum skóm fyrir börn og fullorðna. Nýttu þér frábær tilboð og skóaðu alla fjölskylduna upp fyrir veturinn.

—
20%
afsláttur
af skóm
—



COLUMBIA CONSPIRACY
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
18.392 KR.
FULLT VERÐ: 22.990 KR.



CANGURO
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
15.992 KR.
FULLT VERÐ: 19.990 KR.



COLUMBIA DRAINMAKER
Stærðir 37-43 | Ymsir litir
TILBOÐSVERÐ
9.495 KR.
FULLT VERÐ: 18.990 KR.

50%



VIKING ASCENT
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
22.392 KR.
FULLT VERÐ: 27.990 KR.



SCARPA MOJITO
Stærðir 36-41 | Ymsir litir
TILBOÐSVERÐ
19.192 KR.
FULLT VERÐ: 23.990 KR.



MUCK ARCTIC SPORT
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
18.152 KR.
FULLT VERÐ: 22.690 KR.



SCARPA LADAKH GTX
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
43.992 KR.
FULLT VERÐ: 54.990 KR.



COLUMBIA VENTRALIA
Stærðir 41-46
TILBOÐSVERÐ
19.990 KR.
FULLT VERÐ: 24.990 KR.



COLUMBIA BUGABOOT
Stærðir 36-42
TILBOÐSVERÐ
23.992 KR.
FULLT VERÐ: 29.990 KR.



COLUMBIA ROPE TOW
Stærðir 25-31 | Ymsir litir
TILBOÐSVERÐ
11.192 KR.
FULLT VERÐ: 13.990 KR.



SOREL TOFINO YOUTH
Stærðir 32-39 | Ymsir litir
TILBOÐSVERÐ
18.392 KR.
FULLT VERÐ: 22.990 KR.



VIKING BIFROST
Stærðir 28-41 | Ymsir litir
TILBOÐSVERÐ
13.592 KR.
FULLT VERÐ: 16.990 KR.



VIKING WINDCHILL
Stærðir 20-30
TILBOÐSVERÐ
12.792 KR.
FULLT VERÐ: 15.990 KR.



MUCK BOOT HALE
Stærðir 27-37 | Ymsir litir
TILBOÐSVERÐ
6.923 KR.
VERÐ: 9.890 KR.

30%



VIKING FROST FIGHTER
Stærðir 21-35 | Ymsir litir
TILBOÐSVERÐ
7.112 KR.
VERÐ: 8.890 KR.

LEITADU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1
Sími 580 8500

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3
Sími 460 3630

OPNUNARTÍMI

Mán.-fös. 10-18
Lau. 10-16

HELGARS

ELLY

Priggja sæta sófi.

Litir: Ljós- og dökkgrár, bleikur, blár og grænn.

Stærð: 183 x 82 x 85 cm

69.990 kr. ~~99.990 kr.~~



ELLY

30%

AFSLÁTTUR

IDdesign



ELLY

Hægindastóll.

Litir: Ljós- og dökkgrár, bleikur, blár og grænn.

48.990 kr.

~~69.990 kr.~~



ARIZONA

Hornsófi. Grátt microfiber áklæði.

Stærð: 255 x 255 D.103 H:104 cm.

199.995 kr.

~~399.990 kr.~~

ARIZONA & CALIPSO

50%

AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ
MAGN

CALIPSO

2ja og 3ja sæta
Brúnt og grátt
microfiber
áklæði.

2ja sæta

140 x 88 H:95 cm.

74.995 kr.

~~149.990 kr.~~



BROSTE SMÁVARA

25%

AFSLÁTTUR



broste
COPENHAGEN



Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

PRENGJA

STÓLAR

1 SEATTLE

Borðstofustóll.
Svartur, grár og hvítur
með krómlöppum.

6.990 kr.

~~8.990 kr.~~

2 EIFFEL

Borðstofustóll.
Svartur, grár og hvítur
með svörtum löppum.

8.990 kr.

~~11.990 kr.~~

3 EIFFEL

Borðstofustóll.
Svartur, grár og hvítur
með krómlöppum.

9.990 kr.

~~13.990 kr.~~

4 PARIS

Borðstofustóll. Svartur, grár,
hvítur, rauður og orange með
sterkbyggðum viðarlöppum.

9.990 kr.

~~14.990 kr.~~



HELGARSPRENGJA

fim.
til
sun.

GILDIR
22. til 25. október



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Svavar
Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Að byrja vinnudaginn þar sem ungmenni hefur hengt sig er ekki fyrir hvern sem er. Ekki frekar en að koma ítrekað inn á heimili þar sem miskunnarlausu ofbeldi hefur verið beitt og börn sem fullorðnir eru hálf vitstola af bræði eða hræðslu. Yfirhöfuð er það ekki allra að venjulegur vinnudagur snúist um að grípa inn í og aðstoða fólk á allra versta degi þess – sérstaklega þegar þannig er búið um hnútana að þér er gert illmögulegt að veita þá þjónustu sem starfsskyldur þinar krefjast.

Saga sem þarf að segja

Undanfarna daga – og ár ef grannt er skoðað – hafa verið sagðar ótal fréttir af fjárskorti og manneklu hjá lögreglunni hér á landi. Forsvarsmenn allra lögregluumdæma landsins telja takmarkaða möguleika á frumkvæðisvinnu vegna niðurskurðar á fjárveitingum. Fjölga þarf um 220 lögregluþjóna svo vel sé, telur ríkislögreglustjóri eða um 40%. Á sama tíma hefur þeim fækkað töluvert frá því fyrir hrun.

Sá sem hér heldur á penna hefur skrifað nokkrar fréttir á þessum nótum, og í tengslum við þær hafði Jökull Gíslason, rannsóknarlögreglu- maður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, samband og stígur hér fram til að gera grein fyrir því sem aldrei nær inn í fréttirnar að hans mati – að fjöldi misalvarlegra mála fái aldrei þá úrvinnslu sem þau eiga skilið eða eru aldrei skoðuð. Aðstoða þeirra sem vinna við rannsóknir er í raun vonlaus, að hans sögn.

„Staðan er óþolandi. Það er það sem rekur mig af stað. Ég er kominn á þann stað að mér er sama hvað það þýðir fyrir mig að koma fram og segja frá því hvernig þetta er. Ég hef ekki áhyggjur af persónulegum afleiðingum,“ segir Jökull en bætir við að það sé hans trú að margir vinnufélaga hans fagni því að einhver stígi fram og segi frá.

Gjörbreyttur raunveruleiki

Jökull hóf störf hjá lögreglunni í afleysingum árið 1998, þá 28 ára gamall. Hann útskrifaðist úr Lögregluskóla ríkisins árið 2001 og hefur gegnt ýmsum störfum innan lögreglunnar og félagsstörfum síðan – þ.á.m. sat hann í stjórn Landssambands lögreglumanna í fjögur ár. Hann ritstýrði Lögreglublaðinu um árabíl. Jökull er kvæntur og á þrjú börn 7, 9 og 13 ára.

Jökull segir að besta tímabilið í starfi hafi verið frá 2003 til 2006 þegar lögreglan hafði bolmagn til að takast á við þau verkefni sem komu upp. Þá hafi hins vegar verið gerðar viðamiklar breytingar á skipulagi löggæslunnar með tilheyrandi sparnaðarkröfu – og strax í framhaldinu kom hrúnið þar sem allir þurftu að herða sultarólina. Fjársveltið hefur því haft margar og misjafnar afleiðingar fyrir lögregluna.

Jökull tekur dæmi af útskriftarhóp úr Lögregluskólanum í fyrra þar sem konur voru í meirihluta, en átak átti að gera til að kynjafna í lögreglu- liðinu. Þær hafa margar ekki fengið vinnu enn þá vegna fjárskorts, að hans sögn. Þá eru sífellt ný verkefni að bættast við í breyttu samfélagi á Íslandi á sama tíma og lögreglan er illa í stakk búin til að takast á við þau – aðstreymi fólks af erlendum uppruna þýði að samfélög verða til innan samfélagsins. Það eitt geri kröfur til lögreglu sem ekki verður sinnt nema með sérstakri aðlögun – þó ekki væri nema til að brúa bilið sem tungumálið skapar. Mansal nefnir Jökull sem mál sem ofarlega hefur verið á baugi og krefst rannsókna og mikillar yfirlegu, svo fátt eitt sé talið.

Óboðlegt vinnuálag

Jökull var fluttur frá Upplýsinga- og áætlanadeild á lögreglustöð – 3 Breiðholt/Kópavogur í lok ➔



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öll málin sem varða börn rista djúpt

Jökull Gíslason

rannsóknarlögreglu- maður, segir manneklu gera starf sitt mannskemmandi. Útilokað er að sinna öllum málum sem koma inn á hans borð. Álagið margfaldast við viðkvæm mál sem verður að sinna og mörg varða lítil börn.

Nú fáanlegur **sjálfskiptur** með
margverðlaunuðu EcoBoost vélinni
frá aðeins **3.390.000 kr.**



NÝR FORD FOCUS

Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins í heiminum 3 ár í röð. Einnig fáanlegur station frá 3.350.000 kr.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus – mest selda bíl heims. Komdu og prófaðu.

FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.190.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.390.000** KR.



20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO₂ losun 108/125 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

19. Málamyndahjónaband Pung sönnunarbyrði. Þessi mál þarf að vinna mjög vel og kosta fullt af vinnustundum. Hvar á að finna tíma í þetta?

20. Líkamsárás, brot gegn valdstjórninni, fikniefni, varsla, neysla

21. Innbrot í bíl (Flokkad sem eignaspjöll). Engar vísbendingar. Nafnlaus ábending um geranda – aldrei tími til að fara eftir henni.

22. Þjófnaður úr geymslu 1 stk. hjólbarði. Aldrei skoðað.

23. Innbrot í heimahús Mögulega þekktur gerandi.

24. Innbrot og þjófnaður Engar vísbendingar til að fara eftir. Best að loka.

25. Vespu stolið Aldrei skoðað.

26. Líkamsárás í samkvæmi Kæra. Erlendir aðilar, þörf á túlk.

27. Þjófnaður úr bílum Viðurkennir brot, tengist mögulega öðru máli. Er lokað í þessari yfirferð.

28. Líkamsárás Ráðist á ungmenni þegar þeir koma að mönnum sem hafa brotist inn í bíl.

29. Líkamsárás 218 Rán og frelsisvipting.

30. Nytjastuldu Bifreið sem á að gera fjárnám í finnast ekki. Kært frá lögmannsstofu.

31. Líkamsárás kæra Þarf að vinna frá grunni. Enginn tími.

32. Líkamsárás Brot gegn valdstjórninni. Ráðist á lögreglumann þegar farið var með handtekinn í klefa.

Lögreglumaður slasaður og enn frá mánuði seinna.

33. Fjársvik Kortamisferli upphæð 2.050 kr. Grunaður, aldrei tími til að skoða frekar.

34. Nytjastuldu Bifreið fundin. Engar vísbendingar. Best að leggja upp.

35. Innbrot í fyrirtæki Engar vísbendingar.

36. Afstunga Aldrei sinnt.

37. Líkamsárás Flókin. Tekið á móti kæru - ekki tími til að gera meira.

38. Ölvunarakstur o.fl.

Vantar gögn í málið.

39. Ölvunarakstur og árekstur Vantar gögn í málið.

40. Ekið á hjólréiðamann

Sofandi í öndunarvél.



GAMALT SJÓNVARP VAR Í RÚMINU HENNAR. ÞAÐ VAR ERFITT

AÐ OPNA DYRNAR FYRIR DRASLI. EKKERT LAK VAR Á RÚMINU

HENNAR EN VEGNA SJÓNVARPSINS ÞÁ VAR LÍTIÐ HÆGT AÐ

SOFA ÞAR. Á LITLU SKRIFBORDI HAFÐI TELPAN ÚTBÚIÐ SMÁ

PLÁSS. ÞAR VORU FJÖGUR GLÖS AF NAGLALAKKI, ÞEIM STILLT UPP EINS OG DJÁSNUM.



AÐ HÆTTA, ÞVÍ AÐ VINNUMHVERFIÐ ER MANN

SKEMMANDI. AÐ HALDA

ÁFRAM ÞAR TIL EITTHVAÐ

GEFUR SIG – LÍKAMLEGA

EÐA ANDLEGA – OG MISSA

HEILSUNA. AÐ VERÐA

SINNULAUS GAGNVART

STARFINU OG KÆRA SIG

KOLLÓTTAN UM MÁL

OG FÓLK.

heimili á milli heims og helju. Þetta er stór hluti af vinnudegi Jökuls.

„Þetta er málaflökkur sem tekinn hefur verið fastari tókum sem gleður mig, en þessi mál voru í hálfgerðum ruslflokki lengi vel. Svo kemur hitt að á sama tíma eru málin tímafrek og taka orku frá öllum hinum málunum á sama tíma. Ég verð því alltaf að velja og hafna hvernig ég nýti minn tíma,“ segir Jökull sem bætir við að drjúgur tími fari líka í að sinna fólki sem telur að sínum málum sé ekki sinnt eins vel og ástæða er til – og það hefur oft en ekki rétt fyrir sér.

„Þessi samtöl eru mörg. Það eru oft grátlegar aðstæður. Ég nefni sem dæmi einstæða móður þar sem brotist er inn í íbúðina hennar og sjónvarpi og tölvu er stolið, ásamt öðrum verðmætum. Hennar missir er mikill en málið fer sjálfkrafa aftur fyrir röðina þegar upp kemur stórfelld líkamsárás eða bruni í fjölbýlishúsi þar sem grunur er um íkveikju. Hún mun enda aftarlega í málaröðinni og líklega verður máli hennar lítið eða ekki sinnt,“ segir Jökull.

Innri glíma

Þrennt sér Jökull í stöðunni að óbreyttu. „Að hætta, því að vinnu-umhverfið er mannskemmandi. Að halda áfram þar til eitthvað gefur sig – líkamlega eða andlega – og missa heilsuna. Að verða sinnulaus gagnvart starfinu og kæra sig kollóttan um mál og fólk,“ segir Jökull en bætir við að þrátt fyrir allt hafi hann enn taugar til starfsins og vilji láta gott af sér leiða. Því á hann í innri glímu, því eins og margir kollegar hans þá segist hann ekki sjá í fljótu bragði hvað hann eigi að taka sér fyrir hendur utan lögreglunnar.

„Það er erfitt fyrir marga að hætta í lögreglunni. Þetta er mjög sérstakt starf – kannski einstakt. Það getur verið ávanabindandi að lifa við spennu þar sem glæpur er framinn og dagurinn snýst upp í mannaveiðar. Þó slík verkefni séu ekki algeng þá gerir það mann meira lifandi að takast alltaf á við eitthvað nýtt – og það er eftirsóknarvert. Ég skil vel að lögreglumenn þurfi af og til að vinna undir álagi. Ég var í óeirðasveitinni þegar álagið var sem mest 2008 og 2009. Það sætti ég mig alveg við. Það sem ég get ekki sætt mig við er að hver einasti dagur skuli þurfa að vera markaður af þessu sama.“

Með fulla stjórn í eldhúsinu

Nýir Bosch bakstursofnar, Serie 8.

Bosch-gæði í hverju smáatriði.

Bosch kynnir til sögunnar nýja, glæsilega ofna með háþrúðum skynjurum og fleiri byltingarkenndum nýjungum.

Nýju skynjararnir gefa frábæra niðurstöðu, hvort sem er verið að elda lax, kalkúna eða baka bollakökur. Þetta er framtíðin í steikingu og bakstri. Allir nýju ofnarnir geta gengið saman hver með öðrum og myndað samstæða heild.

Kynntu þér málið nánar hjá sölumönnum okkar.

BOSCH

- B Ú Ð I N -

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090

www.bosch.is

Viktoría
Hermansdóttir
viktoría@frettabladid.is



Hann fjarlægðist jafnt og þétt. Á endanum varð hann eins og ókunnugur maður á heimilinu sem sást fara inn og út af og til," segir Friðþóra Arna Sigfúsdóttir. Sonur hennar hefur glímt við tölvuleikjafíkn. Friðþóra segist ekki hafa áttað sig á ástandinu fyrr en það var orðið mjög alvarlegt. „Eins og algengt er þá eignaðist sonur minn sína fyrstu fartölvu árið sem hann fermdist og borgaði hann hluta af henni sjálfur með sínum fermingarpeningum.“ Hana grunaði þó ekki það sem í vændum var.

Feginn að hann væri heima

Sonur Friðþóru, Kristófer, keypti sér fyrsta netleikinn þegar hann var 15 ára gamall. „Hann notaði sína peninga til að skella sér í þau leikjakaup og þaðan varð ekki aftur snúið. Ég vissi ekkert af þessum leikjakaupum og ekki var ég að fylgjast með því hvað var að gerast nýtt á tölvuleikjamarkaðnum. Aldrei hafði ég vitað af því að krakkar gætu átt í vandamáli með sína leikjaástundun í tölvunni og orðið illa haldnir af fíkn.“

Hún segist lítið hafa verið að skipta sér af því hvað sonur hennar var að gera við aukatíma sinn utan skóla og var í raun feginn að hann var heima en ekki einhvers staðar þar sem hún vissi ekki af honum. „Ég vissi bara að hann var heima og inni í herbergi. Ég var sátt að vita af honum heima þar sem hann var öruggur að mínu viti og ég vissi þá allavega hvar hann var og ekki þurfti ég að hafa áhyggjur af því að hann væri að dóna eða drekka á meðan.“

Hjálpaði honum að sökkva dýpra

Samskiptin við soninn urðu sífellt erfiðari en Friðþóra skrifaði það á unglingsárin með tilheyrandi gelgjutímabili. Hún segist hafa tiplað á tánum í kringum soninn og ástandið hafði áhrif á allt fjölskyldulífið. „Það sem er svo varasamt við tölvufíkn er að hún lýsir sér á margan hátt til að byrja með eins og hið svokallaða „gelgjutímabil“, áhugaleysi gagnvart öllu og öllum á heimilinu. Þarna byrjaði það sem ég kalla okkar tengslaróf, þetta var látið viðgangast og samskiptin voru orðin ergileg og erfið og maður hreinlega forðaðist að lenda í árekstrum við hann til að halda friðinn.“

Hún segist hafa verið gríðarlega meðvirk með syninum og það hafi ekki hjálpað honum. „Heldur var ég að styðja vel við bakið á honum að sökkva dýpra inn í það sem ég kalla í dag „rafrænt heróín“ í formi flotta og vanlíðunar eftir vellíðan í því að ganga vel í gerviveröldinni sinni sem var hans leikur sem hann spilaði og hans karakter þar. Í leiknum var hann virtur og honum gekk súpervel, svo vel að hann vann til verðlauna á „leikjamótum“ sem ég grunlaus mamma keyrði hann á.“

Missti fljótt stjórn

Friðþóra segir það hafa tekið soninn um tvo mánuði að missa stjórn á spilamennskunni. Hann hafi verið að spila í 7-9 klukkutíma á virkum dögum og upp í 14-16 tíma um helgar. „Ég svaf þetta allt af mér værum svefni allar nætur og hafði ekki hugmynd um hvað gekk á í næsta herbergi. Oft hélt ég að það væru 5-6 vinir inni í herbergi þegar ég kom úr vinnu á daginn miðað við samræðurnar sem ég heyrði hann eiga í og enskan var orðin gallalaus með meiru.“ segir hún en þá var hann oft að spila við fólk erlendis.

„Þegar ég hugsa til baka þá velti ég því fyrir mér hvernig ég sat grunlaus inni í stofu og hugsaði með mér hvað unglungurinn í honum væri erfiður og gelgjan að syngja sitt og það ansi hátt allt í einu.“ Á þessum tímavörðum var Kristófer hætstur að taka þátt í venjulegu fjölskyldulífi og yrta nánast ekki á móður sína.

Réðst á móður sína

Það var svo eitt kvöld að Friðþóra fékk nóg. „Ég var búin að tuda yfir frekar óhreinu herberginu sem var fullt af matarafgöngum. Ryksugan var búin að vera staðsett fyrir utan herbergið



Mæðginin Friðþóra og Kristófer. Friðþóra gerði sér ekki grein fyrir vanda sonar síns sem spilaði tölvuleiki allt upp í 16 tíma á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tölvuleikir tóku yfir líf sonarins

Sonur Friðþóru Örnú Sigfúsdóttur glímdi við tölvuleikjafíkn. Hún áttaði sig ekki á hvað vandamálið var alvarlegt fyrr en hún tók rafmagnið af herbergi sonarins sem réðst að henni í kjölfarið. Hún hjálpar nú foreldrum í sömu sporum að takast á við vandann.

hans í marga daga og alltaf ætlaði minn maður að ryksuga loðið gólfíð en ekkert gerðist þar. Ég tók mig til í þokkalegu reiðikasti og tók rafmagnið af herberginu hans og stóð fyrir utan tilbúin til að eiga við hann góða rímmu um að ryksuga nú herbergið sitt og hananú.“ Hún gerði sér þó ekki grein fyrir afleiðingum þess að taka netið af syninum.

„Ég gerði mér enga grein fyrir því að ég var að taka fíkniefnið af syni mínum á fullu sundi inn í hans æðar í formi nettengingar. Hann missti alla stjórn á sjálfum sér og sinni hegðun. Hann réðst að mér og hrinti mér svo ég féll á vegginn á bak við mig. Hann var með augnaråd sem ég mun aldrei gleyma og ég varð logandi hrædd við mitt eigið



ÉG GERDI MÉR ENGA GREIN FYRIR ÞVÍ AÐ ÉG VAR AÐ TAKA FÍKNIEFNIÐ AF SYNI MÍNUM Á FULLU SUNDI INN Í HANS ÆÐAR Í FORMI NETTENGINGAR.

afkvæmi. Hnefinn var á lofti en sem betur fer náði hann stjórn á sér og rauk út. Ég er sannfærð um að við fengum bæði taugaáfall á þessum tímavörðum,” segir hún.

Hjálparvana

Í kjölfarið fór Friðþóra að leita sér aðstoðar vegna vandans. Hún las sér mikið til um tölvuleikjafíkn og fór einnig til sálfræðings sem hjálpaði mæðginunum að takast á við vandamálið. „Hann bjargaði lífi mínu og sonar míns í gegnum mig og það var hann sem fékk mig til að horfast í augu við sjálfa mig og átta mig á því að meðvirkni mín gagnvart öllu í kringum son minn var ekki að hjálpa honum á neinn hátt heldur hafði það þveröfug áhrif. Ég var við það að missa mína andlegu heilsu án þess að vera að ýkja nokkuð í þeim málum.“

Í dag hefur sonur hennar náð tökum á tölvuleikjafíkninni. Hann notar tölvuna í miklu minni mæli og Friðþóra er vel á verði gagnvart vandanum.

Hún segir mikilvægt fyrir foreldra að líta ekki fram hjá vandamálinu, þeir hafi völdin á heimilinu. Sjálf stofnaði hún Facebook-síðuna Netfíkn eftir að hafa séð að lítið var til um efni á íslensku fyrir foreldra í sömu stöðu. Þar hefur hún safnað saman fróðleik og hafa margir leitað til hennar sem eru í sömu sporum.

Miðlar reynslu sinni

Vegna þess hversu margir hafa leitað til hennar ákvað hún að halda fyrirlestur þar sem foreldrar í sömu sporum gætu hist. Á mánuðaginn verður hún með fyrirlestur á vegum Lausnarinnar þar sem hún miðlar af reynslu sinni og stefnir að því að hafa fleiri fyrirlestra. „Það voru margir að leita til mín í sömu sporum og fólk er svo varnarlaust. Maður verður svo hjálparvana og finnst maður vera einn í heiminum að eiga við þetta vandamál. Það kom mér á óvart hversu lítið er um þetta talað í okkar daglega amstri. Enn þann dag í dag finn ég fyrir því að foreldrar líta á þetta sem skömm. Við erum að framleiða krakka í dag sem koma til með að vera á örorku í

Helstu einkenni

- Mestallur tími utan skóla er notaður í tölvur
- Mikil þreyta og jafnvel svefn á skólatíma
- Verkefni í skólanum hrannast upp
- Einkunnir lækka
- Logið til um tölvunotkun (jafnvel ofbeldi)
- Tölvur teknar fram yfir að hitta vini
- Hætta fyrri áhugamálum eða tómstundum
- Skapstyggi án tölvunnar (jafnvel ofbeldi)
- Pola illa fyrirvaralausar breytingar á tölvunotkun

(Upplýsingar fengnar af síðunni tolvufikn.is)

framtiðinni vegna netfíknar. Það sem gerist hjá þessum einstaklingum sem illa fara er að þroski stoppar, geta til tilfinningatengsla minnkar og færni í mannlegum samskiptum rykfellur og verður ryðguð, þetta krypplar börnin okkar og meir. Þetta hefur varanleg áhrif á þá einstaklinga sem losna ekki undan þessu og spila árum saman á sjúklegan hátt.“

Friðþóra vill benda foreldrum á að taka á vandamálinu strax. Þetta er erfitt en alls ekki ófyrstíganlegt og gott sé að fá aðstoð fagaðila. „Þetta er hægt ef viljinn er til staðar. Það má ekki mála skrattann á alla vegg. Netið hefur margt jákvætt. Mikilvægasta ráð mitt til foreldra er að vera samstiga í einu og öllu og ekki leyfa barninu að fá það sem mamma er búin að segja nei við eða ófugt.“ Hún segir mikilvægt að kenna börnum sé ekki sjálfsgödur. „Líka að átta sig á því að þetta er ekki fíkn eins og fíkniefni eða alkóhól, þetta er flókin fíkn. Við getum ekki útilokað netið fyrir þeim, það er ekki hægt, þá værum við að gera þau að hellsbúum. Það þarf að kenna þeim og leiðbeina hvað er eðlilegt og hvað ekki og halda utan um þeirra notkun.“

SÚPUKJÖTSTILBOÐ!

Í haustlægðunum er fátt betra en að sitja inni og njóta dýrindis kjötsúpu. Þú færð allt í súpuna á ótrúlegu verði í Iceland.



699 kr.
kg.

Esja Gæðafæði
blandað súpukjöt*



ESJA 
GÆÐAFÆÐI



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró. Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausán greiðslufrest. Skráðu þig á www.netgiro.is

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



KORPUTORG

TAX FREE HELGI

24. - 25. OKTÓBER



Tax Free afsláttur hjá matarvagni Priksins
sem verður á Korputorgi um helgina.

Tax Free jafngildir 19,5% afslætti nema annað sé tekið fram. Allar verlanir greiða virðisaukaskatt, en bjóða afslátt sem því nemur.



TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA EVERYDAY LOW PRICE
OG ÁÐURLÆKKUÐUM VÖRUM

the
PIER

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM



TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM

KORPU
OUTLET

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM



TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA FERÐAVÖGNUM.
EITT HJÓLHÝSI Á TAX FREE.

TOYS R US

25% AF ÖLLUM VÖRUM SEM EKKI
ERU ÞEGAR Á TILBOÐI EÐA
LÆKKUÐU VERÐI. GILDIR AÐEINS Á
LAUGARDEGINUM FRÁ 8-20

gæludyr is

TAX FREE AF ÖLLU
NEMA FÓÐRI



TAX FREE AF SÖLULAUNUM

KRAKKAHÖLLIN
2-12 ára

Tax Free gildir ekki í Bónus



KORPUTORG



Systurnar í Karmelklostrinu í Hafnarfirði koma skemmtilega á óvart með tveimur ljómandi góðum geisladiskum sem þær sendu frá sér fyrir skömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Elskan er sterk eins og dauðinn

Jónas Sen heimsótti Karmelsystur í Hafnarfirði fyrir skömmu og fræddist um tónlistina þeirra, tvo geisladiska sem þær sendu nýverið frá sér og um **Teresu af Avila**, fyrsta kvenkyns kirkjufræðarann og sitthvað fleira forvitnilegt.

Mér bárust nýlega tveir geisladiskar með söng nunnanna í klostrinu í Hafnarfirði. Ég setti annan þeirra á fóninn og lagðist svo upp í sófa til að hlusta. Eftir nokkra stund stóð ég aftur upp til að gá hvort ég hefði óvart sett vitlausan disk í tækið. Var ég kannski að spila einn af magadansdiskunum sem konan mín er gjörn að hlusta á? Þetta gat bara ekki verið.

Samt var byrjunin trúarleg. Hún samanstóð af sveimkenndum bakgrunni, og karlmaður las tilvitnun í Ljóðaljóðin í Gamla testamentinu. En svo hætti hann og liflegur trommutaktur tók við. Taktinum óx ásmegin og undurfagar kvenraddir duttu inn. Stemningin var gláðleg og ástríðufull. Þetta andrúmsloft kom á óvart. Maður imyndar sér jú að geisladiskur með nunnum sem eyða öllum deginum í trúariðkanir sé alvarlegur og þrunginn andakt.

En það er fullt af ástríðum í Ljóðaljóðunum. Tilvitnunin sem hér er um ræðir hljómar á þessa leið: „Því elskan er sterk eins og dauðinn, ástríðan hörð eins og hel. Blossar hennar eru eldblossar, logi hennar brennandi. Mikið vatn getur ekki slökkt elskuna og árstraumar ekki drekkt henni.“

Nú má ekki misskilja. Það er ekki verið að yrkja um ást Karls og konu hér, heldur um ást á Guði og ást hans á okkar. Þessi tilfinningaríka stemning er allsráðandi á báðum diskunum. Það er hún sem gerir tónlistarflutninginn svo sannfærandi. Tæknilega séð eru diskarnir auk þess prýðilegir. Söngurinn er skreyttur hljóðfæraleik sem nunn-

urnar sjá um. Þær spila á píanó, hljómborð, þverflautu, gítar og slagverk. Þar á meðal eru þessar dásamlegu trommur sem minnst var á hér áðan. Hljóðfæraleikurinn skapar lifandi umgjörð og söngurinn er tær og vandaður. Systurnar hafa útsett löginn sjálfar af frumleika og smekkvísi.

Margra alda gömul regla

Nunnurnar kallast Karmelsystur. Regla þeirra er margra alda gömul, líklegast stofnuð á 12. öld í kjölfar krossferðanna. Hún varð til í samfélagi einsetumanna á Karmelfjalli, þar sem nú er norður-Ísrael. Þaðan kemur nafnið.

Karmelreglan barst nokkru síðar til Evrópu. Af ýmsum ástæðum hnignaði reglunni, eldmódurinn dvínaði og það var ekki fyrr en með tilkomu heilagrar Teresu af Avila (1515-1582) og heilögum Jóhannesi af Krossi (1542-1591) að reglan varð aftur að því sem henni var ætlað að vera í upphafi.

Í ár eru fimm hundruð ár síðan Teresa fæddist. Hún var tilfinningarík kona, rétt eins og Karmelsystur, ef marka má geisladiskana þeirra. Þar sem þær líta á sig sem andlegar dætur Teresu, skulum við kynna henni betur.

Innri togstreita

Teresa fæddist í Avila á Spáni. Hún átti erfiða æsku. Móðir hennar elskaði rómantískar skáldsögur. En faðir hennar var svo strangur og trúrækin að móðirin þurfti að fela bækurnar fyrir honum. Teresa lenti á milli þeirra. Pabbi hennar skipaði henni að segja alltaf satt, en mamma hennar grátbændi hana um að kjafta



EFTIR NOKKRA STUND

STÓÐ ÉG AFTUR UPP TIL

AÐ GÁ HVORT ÉG HEFÐI

ÓVART SETT VITLAUSAN

DISK Í TÆKIÐ. VAR ÉG

KANNSKI AÐ SPILA EINN

AF MAGADANSDISKUNUM

SEM KONAN MÍN ER GJÖRN

AÐ HLUSTA Á? ÞETTA GAT

BARA EKKI VERIÐ.

ekki frá því að hún væri að lesa ástar-sögur. Þetta skapaði mikla togstreitu í sálarlífi Teresu. Henni leið eins og hún gerði ekki neitt rétt.

Sem unglingur var Teresa baldin. Hún hugsaði bara um stráka og fin fót. Á endanum gafst faðir hennar upp og sendi hana í kloster. Það var ekki óalgennt á þeim tíma. Alls konar konur leituðu athvarfs í klostrum, hvort sem þær voru trúðar eða ekki. Þetta skapaði órólegt andrúmsloft og fyrir bragðið var ekki eins mikið næði til tilbeiðslu og ihugunar og æskilegt þótti. Agann vantaði. En einmitt þess vegna líkaði Teresu ekki svo illa í klostrinu. Lifði þar var ekki eins strangt og hjá föður hennar!

Þegar tími var kominn til að velja

á milli hjónabands og klaustrurlífs valdi Teresa það síðarnefnda. Það var samt ekki auðveld ákvörðun. Hún hafði horft upp á hjónaband foreldra sinna, sem var ekki góð fyrirmynd. En líf í klostri virtist ekki spennandi. Á endanum valdi hún klostrið vegna togstreitunnar sem minnst var á hér að ofan. Henni fannst hún fyrst og fremst vera aumur syndari og sem slík best geymd í klostri.

Líktist engu hér á jörð

Teresa háði mikla baráttu innra með sér árum saman. Bænalið hennar var hálfkák allt þar til eftir fertugt. Sjúkdómar spiluðu þar inn í. Loks var það prestur sem hvatti hana til að taka sér tak. Þá byrjaði hún bænaðkun af alvöru og náði í framhaldinu gifurlegum árangri. Það skiladi sér í andlegri reyngu sem hún skrifaði um og lýsti af vísindalegri nákvæmni. Samkvæmt henni voru þetta stórkostlegar upplifanir sem líktust engu hér á jörð – náid vitundarsamband við Almættið, hvorki meira né minna.

Hvað er átt við hér? Erfitt er að svara því, en vísa má í myndmál Teresu sem er að finna í bók hennar, Borgin hið innra. Þar líkir hún mannsálinni við kastala úr risastórum demanti. Í kastalanum eru sjö vistarverur. Guð er að finna í þeirri innstu. Venjulega er vitund mannsins í þeirri ystu, og stundum ekki einu sinni þar. Með því að komast innar í sálinni, með bænaðkun og réttu hugarfari, nálgast maður Guðdóminn. Það er æðsta hamingja sem hægt er að hlötnast.

Þessi eining við Almættið er það sem Karmelsystur í dag leita að í trúariðkunum sínum. Segja má að

söngurinn þeirra fjalli um þessa viðleitni, beint eða óbeint.

Til eru alls konar hugleiðslu-aðferðir eins og flestir kannast við. Sú hugleiðsla sem Teresa ástundaði, og Karmelsystur með henni, var samræða sem fram fór í huganum, þögn samvera sálarinnar með Jesú Kristi. Í bæklingnum sem fylgir öðrum geisladiskunum hér til umfjöllunar er þetta útlistað nánar. Þar er sagt að í slíkri hugleiðslu sé horft „í þögn með hjartanu á auglit Drottins, sem er kærleikurinn sjálfur“.

Fyrsti kvenkyns kirkjufræðarinn

Eins og áður sagði skrifaði Teresa bækur um upplifanir sínar og um andlega iðkun almenn. Þær eru með merkustu trúfærðiritum kaþólsku kirkjunnar. Teresa var líka fyrsta konan sem var tekin í hóp kirkjufræðara. Slíkir einstaklingar hafa með framlagi sínu öðrum fremur dýpkað skilning manna á ritningu og guðfræði.

Svona eldheit bænaðkun og hugleiðsla eins og Teresa ritaði um er ekki bara fyrir nunnur. Lítil hópur kaþólskra leikmanna hittist í klostrinu í Hafnarfirði einu sinni í mánuði yfir vetrartímam til að lesa saman rit Teresu og annarra kirkjufræðara, og til að læra um hugleiðslu eins og Karmelsystur ástunda hana.

Höfuðrit Teresu eru til á íslensku í þýðingu Jóns Rafns Jóhannessonar og fást í búiðinni í klostrinu. Þar er líka hægt að kaupa geisladiskana. Fyrir þá sem vilja hafa eitthvað viðeigandi á fóninum nú þegar jölin taka að nálgast, þá mæli ég með þessum diskum. Þar er andi Teresu og víma kærleikans í öllu sínu veldi.

ekki hollari fyrir það að vera ramm-
pólítískur (í versta skilningi þess orðs),

HEIMSKA

Skáldsaga um óstjórnlega forvitni mannsins ...



Eiríkur Örn Norðdahl

ekki einu sinni þegar hann samræmist
skoðunum manns á þjóðlífinu. Þið afsakið



Stundum spurt mig hvers ég sé vegna að þessu

Alfred Finnbogason hefur upplifað rosa-lega góða tíma og alls ekki svo góða á fimm árum í atvinnumennsku. Þrátt fyrir að spila lítið með landsliðinu finnst honum hann vera hluti af hópnum.

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is



Fjölskyldan kallar þetta alltaf lúxusfangelsi,“ segir Alfred Finnbogason, landsliðsmaður í fótbolta, þegar hann og blaðamaður setjast niður á barnum á Hótel Nordica þar sem landsliðið gistir þegar það er hér á landi. Á víð og dreif um anddyrið eru strákarinn okkar afslappaðir að spjalla við vini og vandamenn. Fram undan, þegar viðtalið er tekið, eru tveir leikir gegn Lettlandi og Tyrklandi. Síðustu tveir leikirnir í sögulegri undankeppni þar sem Ísland er nú þegar búið að tryggja sér farseðilinn á Evrópumótið í fyrsta sinn. Það er þó ekkert þess vegna sem menn eru svona afslappaðir.

„Það er mjög létt yfir þessu vanalega og þegar við erum hér á Íslandi getum við farið og hitt fjölskyldu og vini. Það fer ekkert illa um okkur hérna,“ segir Alfred, en eins og hótellifíð getur verið notalegt, verður þetta ekki þreytandi til lengdar þar sem hinn almenni fótbolta maður eyðir fleiri tugum nóttu á ári hverju inn á hóteli?

„Þegar maður er að spila þrjá leiki í viku eins og núna hjá Olympiacos er maður meira á hóteli en heima hjá sér. Auðvitað er það mjög þreytandi til lengdar. Einveran er náttúrulega mikil og þó að maður horfi mikið á sjónvarp til dæmis getur maður getur ekki klárað alla þætti í heiminum,“ segir hann og hlær við.

Námið góð leið

Alfred Finnbogason hefur, auk þess að vera skrambi góður í fótbolta, alltaf verið mikill námsmaður. Til að nýta allan þann frítíma sem gefst í atvinnumennskunni og halda sér gangandi á daginn hefur hann haldið áfram að læra þó að hann sé atvinnumaður í fótbolta og fái ágætlega borgað.

„Það er mikilvægt að vera að gera eitt-hvað með fótboltanum sem örvar þig og heldur heilanum gangandi á meðan fótboltaferillinn stendur yfir, ekki vera bara í PlayStation að drepa tímann,“ segir Alfred, sem er að læra íþróttastjórnun (e. sports management).

„Þetta er nám sem Grétar Rafn Steinson mælti með að ég færi í. Maður er byrjaður að hugsa næstu skref eftir ferilinn. Þetta er allt í fjarnámi og vel uppsett með boltanum. Ég var búinn með tvö ár í sálfræði en var kominn með ógeð á því. Hún er svolítið þung en þetta nám er mjög spennandi og getur vonandi nýst manni eftir ferilinn.“

Með áratug í atvinnumennsku að vopni, fjölda landsleikja fyrir Ísland og gráðu í íþróttastjórnun landaði Grétar Rafn starfi sem yfirmaður knattspyrnu-

mála hjá Fleetwood Town í ensku C-deildinni. Alfred segir það ekki algengt að menn stundi mikið nám samhliða boltanum.

„Það er mjög misjafnt. Það hafa kannski verið 2-3 í hverju liði sem ég hef verið hjá sem eru í einhverju námi, en það var aðallega þegar ég var í Svíþjóð og Hollandi. Þar voru menn meðvitadur um að þeir lifa ekki að eilífu á launinum þar. Þá voru menn byrjaðir að hugsa til framtíðar og taka þjálfaragráður eða annað. Maður hittir svo margar mismunandi týpur í fótboltanum. Sumir hugsa um framtíðina en aðrir vita ekki hvað gerist eftir klukkutíma,“ segir Alfred.

En er þá fótboltinn framtíðin? Ætlar hann að skipta takkaskónum út fyrir lakkskóna og grasinu út fyrir skrifborð en halda samt áfram í boltanum þegar leikmannsferlinum lýkur?

„Það er erfitt að spá mikið í framtíðina. Stundum langar mann ekki að sjá meira af þessum fótboltaheimi en af hverju ætti maður að yfirgefa eitthvað sem maður hefur gert daglega frá því maður var fjögurra ára? Af hverju ætti maður að breyta til núna? Sumum finnst kannski fint að skera á tengslin við fótboltann. Það eru til dæmis strakar í landsliðinu sem hafa engan áhuga á fótbolta þrátt fyrir að spila hann. Ég aftur á móti lifi fyrir fótboltann,“ segir hann.

Finnst hann vera hluti af hópnum

Alfred var í byrjunarliðinu í leiknum gegn Lettlandi hér heima. Það var fyrsti leikur hans í byrjunarliðinu í þessari undankeppni, en hann var svo strax aftur settur á bekkinn fyrir leikinn gegn Tyrklandi. Hann hefur rétt svo náð 90 mínútum í heildina í allri undankeppninni og er eðlilega ósáttur við það.

„Ég er í mjög viðkvæmri stöðu. Það hefur gengið vel hjá mér hjá félagsliðum meira og minna síðan Lars tók við, en hjá landsliðinu hefur mig vantað að fá tækifærið í nokkrum leikjum í röð. Ég var svolítið óheppinn í síðustu undankeppni því ég var meiddur í leiknum gegn Sviss úti og Albaníu heima og þá fór að ganga vel. Svo þegar fer að ganga vel er rosalega erfitt að breyta einhverju.



Alfred fagnar markinu gegn Arsenal í Lundúnum þar sem hann tryggði Olympiacos fyrsta sigurinn á enskri grundu.

Frá Breiðabliki til Grikklands og allt þar á milli

2009

30. júní 2008
FYRSTI LEIKURINN
í Meistaraflokki.
Kemur inn á í 2-2 jafntefli gegn Keflavík.



3. október 2009
FYRSTI TITILLINN
Skorar tvö mörk í bikarúrslitaleik gegn Fram sem Blikar vinna í vítaspurnukeppni.

2010

21. mars 2010
FYRSTI LANDSLEIKURINN
Kemur inn á fyrir Kolbein Sigþórsson gegn Færeyjum í Kórnum.

25. september 2010
ÍSLANDSMEISTARI
Er í leikbanni þegar Blikar tryggja sér fyrsta Íslandsmeistaratitilinn.

16. október 2010
BESTUR
Kjörinn besti leikmaður Pepsi-deildarinnar af leikmönnum en árið áður var hann efnilegastur.

3. nóvember 2010
ATVINNUMAÐUR Í FYRSTA SINN
Semur við belgíska úrvalsdeildarliðið Lokeren þar sem fleiri Íslendingar hafa gert garðinn frægan.

17. nóvember 2010
FYRSTA LANDSLIÐSMARKIÐ
Skorar fyrra mark Íslands í vinnuáttuleik gegn Ísrael.

2011

7. mars 2012
EITT SKREF AFTUR Á BAK
Fer á láni til Svíþjóðar þar sem hann raðar inn mörkum og kemur ferlinum aftur í gang eftir bekkjarsetu í Belgíu.

2013

16. ágúst 2012
STÓRA SKREFIÐ
Eftir gott tímabil í Svíþjóð var Alfred keyptur til Heerenveen sem alið hefur af sér marga frábæra framherja.



2014

22. mars 2014
HETJAN Í HEERENVEEN
Skorar mark gegn NEC Nijmegen og verður markahæsti leikmaður Heerenveen í deildinni frá upphafi.

7. maí 14
MARKAHÆSTUR
Endar seinna tímabilið sitt hjá Heerenveen með 29 mörkum og er markahæstur í deildinni.

2015

2. júlí 2014
SPÁNN KALLAR
Spænska liðið Real Sociedad kaupir Alfred fyrir einn milljarð króna.



25. júlí 2015
ENDURRÆST Í AÐENU
Eftir erfitt tímabil á Spáni gerði Alfred lánsamning við grísku meistarana í Olympiacos.

29. september 2015
MARK Í MEISTARAEILDINN
Alfred tryggir Olympiacos fyrsta sigurinn gegn Arsenal og verður aðeins annar Íslendingurinn sem skorar í Meistaradeildinni.

Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma



Svanavatnið

*St. Petersburg Festival Ballet
ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg sló í gegn fyrir tveimur árum með glæsilegri uppfærslu í Hörpu á einni fegurstu perlu dansbókmenntanna. Nú snúa rússnesku dansararnir aftur og flytja verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í sérstökum viðhafnarbúningi í Eldborg.



Eldborg

14. nóvember kl. 15:00 & 19:30

15. nóvember kl. 15:00 & 19:30

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

www.harpa.is/svanavatnid

ICELANDAIR 

 Arion banki

 CENTER HOTELS

Þegar það gengur vel er erfitt að vera fúli frændinn,“ segir Alfreð sem missti svo af fyrstu leikjunum í nýafstaðinni undankeppni vegna meiðsla.

„Það er bara erfitt að brjóta sér leið inn í lið sem er að spila svona frábærliga. Auðvitað finnst mér að ég ætti að fá fleiri mínútur, en það er alltaf mismunandi hvað mönnum finnst um það. Maður hefur farið allan skalann í þessu. Allt frá því að vilja hætta í landsliðinu og svo upp í að brosa og taka þátt í allri gleðinni.“

Hann hefur haldið ró sinni út á við allar götur frá því Lars tók við þrátt fyrir að fá lítið sem ekkert að spila. Hann hefur verið fagmennskan uppmáluð í öllum viðtölum en sjálfur er hann ósáttur við stöðuna og skyldi engan undra. En stóra spurningin er: Finnst Alfreð hann vera hluti af þessu öllu þegar hann spilar rétt rúman einn leik af tíu?

„Klárlega,“ svarar hann um hæl. „Mér finnst ég vera hluti af þessu liði að því leyti að þetta eru vinir mínir,“ segir Alfreð, en hann hefur spilað með gullkynslóð landsliðsins í gegnum öll yngri landsliðin.

„Þetta er fjölskylda. Ég er búinn að vera í landsliðinu í 5-6 ár þó að á vellinum hafi ég ekki getað boðið upp á margt og það veit ég. Mér liður ekki eins og ég eigi engan þátt í þessu, en auðvitað myndi ég vilja að minn þáttur væri stærri. En þar sem við erum allir vinir og margir okkar eru búnir að vera saman í landsliðinu svona lengi finnst mér ég vera hluti af þessu. Það er líka ástæðan fyrir því að maður heldur áfram að mæta. Það er gaman að koma hérna og vera í kringum landsliðið. Þetta er nú einu sinni landsliðið og það var alltaf draumurinn að spila fyrir það.“

Erfitt að bíta í súra eplið

Það er auðvelt að ímynda sér að Alfreð hafi oft verið pirraður í landsliðsferðum. Stundum kom hann á miklu flugi inn í landsliðshópin eftir að skora hvert markið á fætur öðru í Hollandi þar sem hann var markakóngur en fékk svo ekki mínútu með landsliðinu. Hann var svo seldur fyrir milljarð króna til stórliðs á Spáni en vegna meiðsla fær tvítugur Selfyssingur tækifærið í byrjunarliðinu við upphaf undankeppninnar, slær í gegn og sleppir ekki taki á byrjunarliðssætinu.

„Þegar ég hef þurft að bíta í súra eplið í tíunda eða tólfta skiptið hef ég stundum spurt mig hvers vegna ég sé að þessu. Er þetta gott fyrir mig til lengri tíma lítið? Endamyndin sem ég er með í hausnum á mér er það sem heldur mér alltaf gangandi,“ segir Alfreð, en hefur það komið til greina í alvörunni hjá honum að afþakka boð í landsliðið?

„Þegar kallið kemur hefur aldrei komið til greina að hafna boðinu. Oftast er það þegar ég kem heim úr landsliðsferðum sem ég velti því fyrir mér því þá hefur niðurtúrin oft verið mikill. Hjá Heerenveen var ég til dæmis að skora nánast í hverjum einasta leik, var markahæstur í Hollandi og allt svakalega jákvætt í kringum mann, en svo með landsliðinu voru strákar að spila sem voru kannski ekki í liðinu hjá sínum félagsliðum eða annað slíkt. Ég ætla ekkert að gera lítið úr öðrum leikmönnum sem hafa spilað í staðinn fyrir mig á þessum tíma, en mér fannst ég klárlega oftast eiga erindi í að spila.“

„Maður var oft spurður í Hollandi: Hvað er í gangi þarna? Ég skoðaði oft tölfræðina hjá Hollandi og þar sást að mér gekk illa í fyrstu 2-3 leikjunum eftir landsliðsferðirnar. Ég fór í svaka stuði en kom til baka og þurfti að rífa mig upp eftir kannski miklar væntingar. Það voru kannski mistök hjá mér sjálfum að stilla væntingarnar ekki öðruvísi,“ segir Alfreð.

Neikvæðni og efi eru dauðinn

Eftir tvö frábær ár hjá Heerenveen í Hollandi þar sem Alfreð sló hvert félagsmetið á fætur öðru og varð markakóngur í deild sem alið hefur af sér nokkra af mestu markasöguum sögunnar lá leiðin til Real Sociedad á Spáni síðasta sumar. Þar gekk ekki jafn vel. Alfreð byrjaði aðeins sex leiki í deildinni en kom 19 sinnum inn á sem varamaður. Maðurinn sem skoraði nánast þegar honum datt í hug í Hollandi setti aðeins tvö á Spáni.

Síðasta tímabili tók því eðlilega mikið að Alfreð og ekki hjálpaði til að mæta



Bióferðir leikmanna er fréttæfni hjá grískum blaðamönnum

Alfreð og Friða Rún búa saman í Aþenu þar sem Alfreð spilar þennan veturinn. Grikkir elska fótbolta. Svo mikið er vist. Alfreð hefur upplifað hollenska fjölmiðla sem eru mjög áhugasamir og gagnrýnir þegar kemur að boltanum, spænska fjölmiðla sem geta oft farið yfir strikið, en líklega kemst engin þjóð með hælana þar sem Grikkir eru þegar kemur að íþróttablaðamennsku og fréttamati.

„Ég held ég sé ekki að ýkja þegar ég segi að það séu 15-20 blöð í Aþenu sem fjalla um íþróttir og

fimm held ég sem fjalla bara um fótboltann og körfuboltann hjá Olympicos. Félagið passar samt sína leikmenn og maður fer eiginlega aldrei í viðtöl við grísk blöð nema bara eftir leik. Allt er frétt. Að leikmaður fari í bíó er frétt. Það er svo svara súperstjórnunumhverfi í Grikklandi. Þeir elska frægt fólk og að vita hvað það er að gera hverju sinni,“ segir hann.

Grikkir blaðamenn svifast einskis enda þurfa þeir sumir hverjir að fylla fleiri síður á hverjum degi og eru að skrifa bara um eitt (!) lið. Þá eru góð

råd dýr og er allt leitað uppi þegar framherji á borð við Alfreð er líklegur til Aþenu.

„Þeir eru ótrúlegir. Þeir hringdu í Gulla Gull [Gunnleif Gunnleifsson landsliðsmarkvörð, innsk. blm.] í sumar til að spyra út í mig og hann er ekki einu sinni með númerið sitt skráð. Þeir hringdu líka í pabba minn þegar félagaskiptin voru ekki einu sinni gengin í gegn. Þeir vildu tilvitnun frá honum um þetta. Ég veit ekki hvernig þeir ná í menn, en þeir fara allar leiðir til þess. Maður hlær bara að þessu,“ segir Alfreð.

alltaf í landsliðið nánast viss um að þar fengi hann ekki mínútu heldur.

„Ég lenti í þessari stöðu áður hjá Lokeren í Belgíu þegar ég fór fyrst út í atvinnumennsku og það kenndi mér mikið. Þar upplifði ég á tveimur mánuðum að skora fjögur mörk í fyrstu fimm leikjunum mínum af vinstri kantinum og vera nýja stjarnan í liðinu og fara svo í það að komast ekki í hóp hjá liðinu. Þarna fékk ég strax, í byrjun atvinnumennskunnar, að kynast því hversu stutt getur verið á milli hláturs og gráts í fótoltanum. Þetta kenndi mér að fara ekki of hátt þegar það gengur vel og ekki of lágt þegar það gengur illa,“ segir hann.

Alfreð, sem er 26 ára í dag, er með skynsamari og klárari íþróttamönnum sem blaðamaður hefur kynnst í sínu starfi. Dæmi um það er hvernig hann var farinn að hugsa aðeins 21 árs gamall á sínu fyrsta ári í atvinnumennsku.

„Ég fór snemma í það í Belgíu að setja saman teymi í kringum mig. Ég er með sjúkrapjálfa, næringarráðgjafa, styrktarpjálfa og sálfræðing sem ég leita alltaf til. Þetta voru ákveðin ráð sem ég fékk hjá fólki sem þekkti þetta. Fleiri leikmenn mættu skoða þetta því það er gott að geta leitað til íþróttasálfræðings. Hann getur hjálpað manni með litlu hlutina sem skipta miklu máli,“ segir Alfreð.

Geðveik tilfinning

Þrátt fyrir að inni á vellinum hafi fát gengið hjá Alfreð þegar hann spilaði með Baskaliðinu Real Sociedad naut hann verunnar mikið á Spáni. Framherjinn er mikill tungumálamaður og var byrjaður að tala spænsku á blaðamannafundum eftir þrjár vikur þar í landi. Hann kunni ítölsku fyrir og notaði grunninn úr henni til að hjálpa sér við spænskuna.

„Þetta var örugglega skemmtilegasta árið mitt í atvinnumennsku ef fótoltinn er tekinn frá. Upplifunin að búa á Spáni var skemmtileg og leikmannahópurinn var einstakur. Það sem hefur alltaf einkennt lið Sociedad er mikil samstaða enda mikið af Böskum í liðinu. Ég vann mér inn ákveðna virðingu hjá þeim með því hversu mikið ég lagði á mig á að komast inn í allt, læra spænsku og æfa mikið. Eins mikið og ég reyndi small þetta bara

ekki saman inni á vellinum,“ segir Alfreð.

Þó að síðustu misseri hafi verið dökk hjá Alfreð átti hann tvö ár með Heerenveen í Hollandi þar sem hann upplifði að vera kóngurinn. Þá er ekki of sterkt til orða tekið því þegar þú spilar í landi jafn helteknu af fótbolta og Hollandi og skorar meira en allir þá ertu á toppi tilverunnar.

„Þetta var í raun ótrúlegt. Ég kom inn í þetta og það small allt. Fótoltinn sem liðið spilaði hentaði mér og þó að liðinu gengi ekki vel framán af skorandi ég alltaf. Þessi tvö ár hjá Heerenveen gerðu mig að nafni í Evrópuboltanum og það er bara geðveik tilfinning að vita að þú ert að spila alla leiki og ert mikilvægasti maðurinn í liðinu. En svo vilja menn alltaf meira. Eins og þegar ég var í Hollandi var alltaf verið að orða mig við önnur lið,“ segir Alfreð.

Hann var svo sannarlega orðaður við önnur lið. Vikulega síðasta hálf árið hans eða svo í Hollandi slógu stærstu miðlar Bretlands til að mynda upp flennistörr mynd af Alfreð og sögðu hann í sigti stórna félaga þar í landi og víðar. Ekki er þó alltaf allt satt sem skrifad er í Bretlandi hvort sem þið trúið því eður ei.

„Þetta var svolítið mikið þegar ég var í Hollandi. Ég tók það nú ekki saman en ætli ég hafi ekki verið orðaður við svona 30-40 lið. Þau voru sum mjög áhugasöm. Margt af þessu var algjört bull en meira var til í sumu.“

Fer ekki á taugum strax

Alfreð sá sæng sína upp reidda hjá Sociedad í sumar enda nokkuð ljóst að David Moyes, fyrrverandi knattspyrnu-stjóri Everton og Manchester United, var að leita að öðruvísi manni til að leiða framlinuna sína. Olympicos kom upp á borðið. Gríska stórveldið heillaði Alfreð sem gerði eins árs lánsamning. Þar upplifði hann draum á dögnum þegar hann varð aðeins annar Íslendingurinn í sögunni til að skora í Meistaradeildinni. Hann gerði það líka á stærsta sviðinu; á útivelli gegn Arsenal og auðvitað var það sigurmark.

„Þetta var mjög mikil gleðistund. Það var orðið langt síðan ég hafði upplifað svona gleðistund í fótoltanum og ég kunni líka betur að meta hana fyrir vikið. Það var margt rosaalega sérstakt

við þetta kvöld. Þetta var sigurmarkið, við unnum Arsenal á Englandi og ég varð annar Íslendingurinn til að skora í Meistaradeildinni. Þetta kvöld var ástæða þess að ég fór til Olympicos. Þetta var mjög gott kvöld fyrir mig og ég mun aldrei gleyma því,“ segir Alfreð.

Eiður Smári Guðjohnsen var eini Íslendingurinn sem hafði skorað í Meistaradeildinni. Það er í raun hálf-ótrúlegt að Alfreð sé annar til að skora því markavélin Kolbeinn Sigþórsson fékk ellefu tækifæri til þess þegar hann spilaði með Ajax. Kolbeinn er orðinn næstmarkahæstur í sögu landsliðsins en þrátt fyrir ellefu sinnum fleiri tilraunir en Alfreð tókst honum ekki að skora í Meistaradeildinni.

„Við erum í smá hópsspalli strákarnir í landsliðinu þar sem þetta var rætt. Það héldu allir að hann hefði skorað í Meistaradeildinni, en þegar við fórum að rifja það upp var ekki svo. Við erum nokkuð opnir í húmorinum þannig að ég á nokkur góð skot inni á hann. Kolli fékk náttúrliga víti sem hann klúðraði. Tækifærin gerast ekki betri en það,“ segir Alfreð og brosir.

Mjúka röddin mikilvæg

Alfreð er í sambúð með fimleikadrottningunni Friðu Rún Einarsdóttur. Einkalífíð er eitthvað sem Alfreð hefur passað vel upp á og kemur það því kannski einhverjum á óvart að vita að hann er búinn að vera í sambandi í hálf þriðja ár.

„Þetta er hluti af umfjöllun kringum mig sem ég vil hafa fyrir mig. Ég er ekkert að pósta einhverjum myndum úti um allt eða eitthvað þannig. Þetta er eitthvað sem ég vil bara hafa út af fyrir mig,“ segir Alfreð.

Skap fótoltamannsins getur sveiflast með því hvernig gengur inn á vellinum og Alfreð hefur svo sannarlega farið upp og niður undanfarin misseri. Því segir hann það mjög gott að vera í sambandi með afreksíþróttamanni sem veit hvernig líf íþróttamannsins virkar. Friða er tvöfaldur Evrópumeistari í hópflímleikum og hefur sjálf upplifað tímana tvenna í íþróttunum.

„Hún hefur verið íþróttamaður á háu stigi og veit hvaða fornir þarf að færa og hvernig líferni þarf að lífa. Hún veit líka hvernig það er að upplifa skemmtilega og leiðinlega tíma í þessu. Hún hefur upplifað bæði með mér. Það er mjög auðvelt að taka þátt í skemmtilegu tímum en maður lærir tíu sinnum meira af erfðu tímum og mótlati yfirhöfuð,“ segir Alfreð og bætir við:

„Það er alltaf gott að vera ekki einn í þessu heldur vera með svona klett með sér. Maður þarf kannski ekki að segja mikið þegar eitthvað leiðinlegt er í gangi. Þegar maður er pirraður fer það ekki fram hjá neinum. Þá er gott að hafa stuðning og mjúka rödd með mér,“ segir hann.

Mikilvægast að liða vel

Það er farið að síga á seinni hluta kvöldsins og á næsta borði eru tveir erlendir, rígfullorðnir menn komnir vel í glas og byrjaðir að smella kossum hvor á annan. Klukkan orðin níu á hótelbarnum þar sem allir dagar eru laugardagar.

Fótboltaheimurinn er erfiður og lífið innan hans fer upp og niður eins og alls staðar annars staðar þó að öfgarnar geti oft verið miklar. En oft er samúðin lítil með fótoltamönnum. Þeir eru jú eftir allt saman bara að sparka fótbolta á milli sín og fá borgað fyrir það.

„Það réttlatir eiginlega alltaf allt ef þér liður illa. Þá getur alltaf einhver sagt að þú sért að fá vel borgað fyrir að gera það sem þér finnst skemmtilegt,“ segir Alfreð, nokkuð augljóslega ekki hrifinn af þessari röksemdafærslu.

„Það er ýmislegt sem fólk segir eins og: „Vertu bara þolinmóður.“ Það er eitthvað sem er ótrúlega auðvelt að segja en rosaalega erfitt að framkvæma. Það eru margar setningar sem maður heyrir frá fólki sem skilur ekkert hvernig þetta er. En auðvitað er þetta oftast fólk sem þykir vænt um mann og vill að manni liði vel. Það mikilvægasta er að liða vel og spila fótbolta,“ segir Alfreð Finnbogason og bætir við að lokum:

„Stundum langar mig bara að spila fótbolta. Burtu með alla peningana og burtu með alla pressuna. Niðurstaðan er alltaf að maður vill bara spila fótbolta og njóta þess.“



**ÞEGAR ÉG HEF ÞURFT
AÐ BÍTA Í SÚRA EPLIÐ
Í TÍUNDA EÐA TÓLFTA
SKIPTIÐ HEF ÉG STUNDUM
SPURT MIG HVERS VEGNA
ÉG SÉ AÐ ÞESSU. ER ÞETTA
GOTT FYRIR MIG TIL
LENGRI TÍMA LITIÐ?**



**ÞAÐ ER ALLTAF GOTT AÐ
VERA EKKI EINN Í ÞESSU
HELDUR VERA MEÐ SVONA
KLETT MEÐ SÉR. MAÐUR
ÞARF KANNSKI EKKI AÐ
SEGJA MIKIÐ ÞEGAR EITT-
HVAD LEIÐINLEGT ER Í
GANGI. ÞEGAR MAÐUR ER
PIRRADUR FER ÞAÐ EKKI
FRAM HJÁ NEINUM. ÞÁ ER
GOTT AÐ HAFA STUÐNING
OG MJÚKA RÖDD MEÐ SÉR.**

FÓLK

KYNNINGARBLAD



Áfram stelpur í lðnó
Í tilefni af fertugsafmæli Kvinnafri-
dagsins og hundrað ára afmæli kos-
ningaréttar kvenna verður platan Áfram
stelpur flutt í lðnó.
SÍÐA 4

Mini Drops
natures aid

NÝ VÍTAMÍNLÍNA FYRIR BÖRN

Inniheldur EKKI: sykur, glúteín, ger, laktósa eða gerviefni.

Söluastaðir: flest apótek, heilsuþúðir, Fræið Fjarðarkaupum, Heilsutorg Blómavals og Þín verslun Seljabraut.



KRAFTAVERK GERAST HJÁ FÓLKI Í OFÞYNGD

LÍFSSTÍLL Gunnar Már Kamban hefur starfað sem einka- og líkamsræktarþjálfari í meira en tuttugu ár. Auk þess hefur hann gefið út þrjár bækur sem fjalla um lágkolvetnamataræði og raðbók sem kennir fólki að hætta að borða sykur. Hann veit hvernig fólk sem glímur við ofþyngd getur náð árangri til að létta sig.

Mikil umræða hefur verið undanfarið um færslu sem hinn geðþekki söngvari Valdimar setti á Facebook-síðu sína en hann tók þá ákvörðun að halda af stað í leiðangur til að létta sig. Allir sem berjast við aukakíló vita að það þarf bæði aga og þolinmæði til að ná árangri í heilsurækt. Gunnar Már hefur unnið með mörgum sem hafa barist við aukakíló og veit hvað best er að gera í þessum aðstæðum.

Það getur tekið tíma að brjótast út úr gömlum viðjum og skapa sér nýjan lífsstíl. Það er ekki eingöngu Valdimar söngvari sem stendur frammi fyrir

þessu. Íslendingar eru þyngri í kílóum talið en flestar aðrar þjóðir í Evrópu. Gunnar segir að það sé áhyggjuefni. „Sem betur eru margir að vakna til vitundar um þetta heilsufarsvandamál. Friðrika Hjördís Geirsdóttir var með sykurlausan september í fyrra og eftir það hefur orðið mikil vitundarvakning. Ég finn það vel á námskeiðunum mínum. Ég tengi þau raðbókinni Hættu að borða sykur en á þessum námskeiðum fer ég ítarlega í mataræði, gef uppskriftir og ráðgjöf. Þetta hefur virkað alveg ótrúlega vel. Ég hef séð þvílíkan mun á fólki á stuttum tíma eingöngu með því að sleppa sykri.“

BÆTTUR LÍFSSTÍLL
Gunnar hefur áratuga reynslu í því að hjálpa fólki að breyta mataræði með bættri heilsu. Hann segir það erfið en vel hægt. Allir ættu að minnka sykurneyslu.
MYND/GVA

Hugræn teygjuleikfimi ásamt heilsu meðferð
Hópa- og einkatímar

Leidbeinandi: Qing

Heilsu Qi Gong Tai chi innifalið

- opnar orkuflæði
- slökun
- losar um spennu og kvíða
- dregur úr verkjum
- styrkir líkamann
- jafnvægi fyrir líkama og sál
- o.fl.

Mánaðarkort 2 fyrir 1

HEILSU DREKINN

禪悦

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Skortur á B12-vítamini getur birst sem eftirfarandi :

- Preyta, slen, orkuleysi
- Svimi
- Hægðatregða
- Uppþemba, vindgangur
- Lystarleysi
- Þyngdartap
- Náladofi í hand- og fótleggjum
- Erfiðleikar með gang
- Skapsveiflur
- Minnisleysi
- Vítglöp og jafnvel alzheimers sjúkdómurinn

Vantar þig upplyftingu?

- Skerpa
- Athygli
- Úthald

Áhrifaríkur og náttúrulegur B12 vítamín munnúði sem inniheldur hátt hlutfall af B12 ásamt krómi og grænu te ekstrakti.

Þegar B12 Boost er sprejjað í munnholið fara næringarefni beint í blóðrásina sem eykur líkur á góðri upptöku.

Söluastaðir: apótek, heilsuþúðir og verslanir

► FULLKOMINN FARVEGUR

„Fólk sem kemur til mín er ekki bara að berjast við aukakíló heldur einnig streitu, króníska líkamlega verki, háan blóðþrýsting og fleiri heilsuþrenging. Offítan segir manni að fólk hafi verið að gera eitthvað rangt. Þótt ég hafi alltaf sjálfur hreyft mig reglulega, byrjaði að kenna eróbíkk 17 ára, þarf ég samt að passa mig í mataræði til að halda mér í formi. Það hentar því ágætlega að tvö helstu áhugamál mín eru matur og hreyfing sem fer vel saman,“ segir Gunnar sem er 42 ára. Hann ætlaði sér að verða matreiðslumaður og stundaði það nám í nokkur ár. Starfaði á veitingahúsum í Reykjavík og á Akureyri þar sem hann er fæddur. „Mér hefur alltaf þótt allur matur góður en sem betur fer finnst mér hreyfing líka skemmtileg. Ég les ótrúlega mikið um mat og næringu. Reyni að kynna mér allt varðandi þessi mál, sem kemur sér vel í þjálfuninni. Ætli ég hafi ekki fundið hinn fullkomna farveg fyrir áhugamálin mín tvö,“ segir Gunnar.

ÓTRÚLEGUR ÁRANGUR

Þegar hann er spurður hvort ekki sé erfitt að byrja að létta sig þegar fólk er komið í mikla ofþyngd, svarar hann: „Jú, það er erfitt fyrir alla, hvort sem menn þurfa að losa sig við 10 kíló eða 100. Stundum finnur fólk að það er komið niður á ákveðinn botn með líf sitt og það er ágætt, þá finnur það um leið hvatninguna til að breyta líf-erni sínu. Það er sömuleiðis gott mál að gera ákvörðun sína opinbera en með því fæst stuðningur sem allir eru tilbúnir að veita. Matarfíkn er ekkert öðruvísi við að eiga en önnur fíkn. Ef fólk er komið með undirliggjandi sjúkdóma, háan blóðþrýsting, of hátt kólesteról eða byrjunareinkenni sykursýki II þarf að byrja ferlið hjá lækni. Mataræðið skiptir síðan öllu máli. Ég hef kynnt mér lágkolvetnamataræði út í ystu æsar og skoðað alls konar rannsóknir sem hafa verið gerðar. Ég hef aldrei séð annan eins árangur og hjá fólk sem hefur tekið sykurlausu mataræðinu en bætt við trefjum með grænmeti og fræjum og góðri fitu. Ég læt fólk drekka vatn með tveimur teskeiðum af chia-fræjum nokkrum sinnum yfir daginn til að fá trefjar. Svo er til dæmis frábært að setja eina teskeið af kókosolíu út í kaffið sitt. Þegar maður breytir mataræðinu með þessum einföldu hlutum er sjáanlegur munur á fólk

eftir nokkra daga. Það er í raun kraftaverk. Blóðsykurinn kemst í jafnvægi og hormónar líkamans sömuleiðis. Ég reyni að byggja mataræðið upp þannig að sykurlöngunin hverfi. Það eru nefnilega fæstir sem ná þeim árangri að hætta alveg að borða sykurlausu mataræðið. Þess vegna er mjög gott að vera meðvitaður um þetta og reyna af fremsta megni að forðast sykurlausu mataræðið og matvæli þar sem sykurlausu er falinn.“

MATARÆÐI SKIPTIR MESTU MÁLI

„Hreyfingin er mikilvæg en mataræðið er mikilvægara. Fólk sem er í mikilli ofþyngd á erfitt með að ganga, það á erfitt með daglegar venjur eins og að reima skóna eða finna á sig fót. Þess vegna segi ég fólk að taka mataræðið fyrst í gegn. Maður getur æft fimm sinnum í viku án þess að missa gramm af því að mataræðið er vitlaust. Ég myndi segja við manneskju í ofþyngd að byrja á mataræðinu og þegar árangurinn kemur í ljós að huga að hreyfingu sem hentar. Ég myndi mæla gegn stífu hreyfinga-átaki í upphafi. Venjulega fær fólk löngun til hreyfingar þegar það verður léttara á sér. Göngutúrar utanhúss eru auðvitað alltaf mun betri kostur en að leggjast upp í sófa.“

Gunnar segist hafa upplifað og séð ótrúlegar breytingar á fólk sem hefur snúið við blaðinu með mataræði og lífsstíl. „Það er alveg einstaklega skemmtilegt að fylgja fólk í gegnum slíka vegferð. Ólíklegustu kandidatar eru að gera stórkostlega hluti. Allir hafa sömu tækifæri til breytts lífnis en það þarf að finna réttu leiðina til þess. Þetta er ekki tekið með hnefunum, maður þarf að vera meðvitaður um blóðsykur, hormón og líkamlegt ástand. Fólk öðlast nýtt líf þegar árangurinn kemur í ljós. Það er ákaflega gleðilegt að snúa frá sófakartöflu í heilsufrík.“

Þegar Gunnar er spurður hvort skynsamlegra sé að breyta mataræðinu eða fara í magaminnkunar- aðgerð, er hann fljótur til svars. „Ég held að allir læknar myndu benda á mataræðisleiðina fremur en aðgerð. Hún getur þó verið lífsnauðsynleg í einhverjum tilvikum. Það er hægt að létta sig með mataræðinu, ég hef séð ótrúlega mörg dæmi um frábæran árangur,“ segir hann.

HEILSUEFLING FRÁ FYRSTU TÍÐ

„Mér finnst sorglegt miðað við hversu Íslendingar eru heilsu-meðvitaðir og hafa flestar líkams-



KOKKUR OG LÍKAMSÆKTARKENNARI Gunnar ætlaði sér að verða kokkur og stundaði nám í matreiðslu. Það kemur sér vel núna þegar hann skrifar bækur um mataræði. MYND/GVA

ræktarstöðvar í heimi hvað fólk er orðið feitt. Ég verð var við mikla heilsueflingu á vinnustöðum og í skólum. Samt erum við feit og maður spyr sig hverju sé um að kenna. Fullt af matvörum eru markaðssettar sem hollustu en síðan er varan full af sykri.“

Oft er rætt um að skólamaturlausu sé ekki nægilega hollur og góð-

ur. Mikið er um unna matvöru í skólaeldhúsum. Breski kokkurinn Jamie Oliver hefur markvisst unnið að bættu mataræði í skólum þar í landi. Gunnar á fjögur börn og segist vita af þessu. „Þetta er flókið mál. Allir vilja að börnin fái hollan mat í leik- og grunnskóla en jafnframt vilja foreldrar hafa efni á skólamáltíðum. Því miður eru

hollar matvörur dýrar á Íslandi. Þá er mikilvægt að börnin fái hollan og næringarríkan mat sem unninn er frá grunni heima hjá sér. Börn eru að þyngjast ekki síður en þeir eldri. Við þurfum að byrja heilsueflinguna snemma á lífsleiðinni, hafa hollar og sykurskertar vörur í ísskápnum,“ segir Gunnar Már. ■ elin@365.is

HOLLUR MATUR ÁN SYKURS

Í rafbókinni HÆTTU AÐ BORÐA SYKUR gefur Gunnar ítarlegar upplýsingar, ýmiss konar fræðslu og hvatningu fyrir þá sem vilja breyta mataræðinu. Í bókinni eru sömuleiðis margar hollar uppskriftir og ráðleggingar við eldun. Þá er vikumatseðlar fyrir fólk að fara eftir. Gunnar hefur haldið námskeið samhliða bókinni. Gunnar er með heimasíðuna habs.is. Hér er ein hugmynd Gunnars að mataræði fyrir laugardag.

Morgunverður: Lárpera á lágkolvetnabrauði.

Hádegisverður: Spínatpítsa með lárperu, mozzarellu og kjúklingi.

Kvöldverður: Límónu- og engiferkjúklingur með asísku salati. Leggðu kjúklinginn í kryddlöginn tveimur tímum áður en þú eldar hann.

KVÖLDVERÐURINN
UPPSKRIFT FYRIR 4
ELDUNARTÍMI: 50 MÍN

KRYDDLÖGUR
Safi úr 2 límónum
2 msk. ólífuolíu
1 msk. tamari-sósa

1 rautt chilli, fræhreinsað og smátt saxað
2 msk. ferskt engifer, smátt saxað
2 hvítlauksrif, pressuð
1 msk. sesamfræ



KJÚKLINGARÉTTUR
1 kjúklingur í bitum
1 poki salat að eigin vali

1/2 búnt ferskt kóríander, saxað
1/2 búnt mynta, söxuð

1/2 gúrka, afhýdd og skorin í teninga
4 rásur, skornar smátt eða í þunnar sneiðar
2 msk. ólífuolíu
1 tsk. sesamolía
Salt

Blandaðu öllum innihaldsefnum í kryddleginum saman í stóra skál og settu kjúklinginn út í. Leyfðu honum að liggja í leginum í allavega tvo tíma inni í ísskáp. Leggðu bitana í eldfast mót og settu í 180°C heitan ofn í 40-50 mínútur. Snúðu bitunum 2-3 sinnum á tímabilinu. Ef þeir fara að brenna seturðu álpappír yfir mótið.
2. Settu salatið í skál og blandaðu vel saman og endaðu á klípu af salti.

SÚKKULAÐIGRANÓLABITAR

Hér er hollustusnakk sem einfalt ætti að vera að útbúa. Góðir sem snakk, út í chia-grautinn eða í hreinu jógúrtina.

350 g kókosflögur
250 g hnetur, möndlur og valhnetur grófsaxaðar (mátt nota aðrar tegundir)
1 msk. chia-fræ
50 g kókosolíu, t.d. frá Himneskri hollustu, brædd
2 msk. sykurlausu karamellusíróp eða
1 msk. erythritol-sætuefni frá Now
120 g sykurlausu kakó

1. Hitaðu ofninn í 120°C og settu bökunarpappír í ofnskúffu.
2. Blandaðu öllum hráefnunum vel saman í skál og dreifðu á plötuna.
3. Bakaðu í 10 mínútur og snúðu blöndunni þá við og bakaðu á hinni hliðinni í aðrar 10-15 mínútur. Best að hafa þetta vel dökkt þó án þess að nokkuð brenni.
4. Leyfðu þessu að kólna á bökunarplötunni og brjóttu þetta þá í minni bita og geymdu.

HAUSTSPRENGJA

FULL BÚÐ

20-50%

afsláttur af öllum vörum

NÝTT KORTATÍMABIL



COSMO

Kringlunni



Í AUGSÝN ER NÚ FRELSI Baráttusöngurinn Áfram stelpur frumfluttur á Lækjartorgi fyrir framan rúmlega 25 þúsund konur. Leikkonurnar syngjandi frá vinstri: Guðrún Alfreðsdóttir, Bríet Héðinsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir og Margrét Helga Jóhannsdóttir. Vinstra megin við þær er Helga Ólafsdóttir en til hægri Halla Guðmundsdóttir. MYND/ARI KÁRASON

ALLTAF JAFN GAMAN AÐ SYNGJA ÞESSI LÖG

40 ÁRA AFMÆLI Í tilefni af fertugsafmæli *Kvennafrísins í dag* og hundrað ára afmælis kosningaréttar kvenna ætla nokkrar reglulega kvenlegar leik- og söngstelpur að flytja plötuna *Áfram stelpur í lðnó*. Margrét Pétursdóttir er ein þeirra. Hún segir margt hafa breyst á 40 árum en annað ekki neitt.

Baráttusöngurinn Áfram stelpur hljómaði í útvarpi í fyrsta sinn snemma dags á kvennafrídaginn 24. október árið 1975. Síðar sama dag var lagið sungið á fjölmennasta útifundi Íslandssögunnar þar sem um 25.000 konur af öllu landinu fylktu liði til að sýna hver annarri samstöðu í jafnréttis- og kvennabaráttunni sem þá var á mikilli siglingu.

Skömmu síðar kom út hljómplatan Áfram stelpur þar sem íslenskar leik- og söngkonur sungu fleiri baráttusöngva kvenna. Sú plata rataði inn á mörg heimili og greyptist í huga ungra sem aldinna sem féllu fyrir grípandi lögum og beittum og skemmtilegum textum en ekki síður baráttuandanum, þorinu, viljanum og getunni sem ólgaði undir niðri. Lögini á plötunni eru flest eftir sænska tónskálið Gunnar Edander en textarnir eftir Þránd Thoroddsen, Dagnýju Kristjánsdóttur, Kristján Jóhann Jónsson og fleiri. Árið 1975 voru það leikkonurnar Sigrún Björnsdóttir, Bríet Héðinsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir, Guðrún Alfreðsdóttir, Anna Kristín Arngrímsdóttir og Margrét Helga Jóhannsdóttir sem sungu lögini en nú hafa aðrar tekið við keflinu enda baráttunni hvergi nærri lokið.

„Á þrjátíu ára afmæli kvennafrídagins árið 2005 fluttum við Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Brynhildur Björnsdóttir og Esther Jökulsdóttir plötuna í lðnó. Árið 2010 sungum við á Arnarhóli og nú í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og 40 ára afmælis kvennafrídagins fannst okkur tilvalið að endurtaka leikinn,“ segir Margrét Pétursdóttir en þær stöllu munu halda tónleika undir yfirskriftinni Áfram stelpur í lðnó klukkan fimm í dag. „Við höfum aðeins rokkað í fjölda á þessum söngskemmtunum okkar og að þessu sinni tekur Sigríður Eyrún Friðriksdóttir eitt lag af sinni alkunnu snilld. Við munum flytja plötuna í heild en tökum okkur það bessaleyfi að breyta aðeins uppröðuninni. Við syngjum þó eftir sem áður um hjúkkuflugfreyjuna, Þyrnirós, Gunnu og Sigga, ánægðu ömmuna á Grund, Sigríðu og síðasta sumarblómið svo dæmi séu nefnd. Undir lokin fáum við svo gömlu leikkonurnar á svið til að syngja með okkur Áfram stelpur. Við munum



jafnframt dreifa söngblöðum og fá gesti til að taka undir,“ upplýsir Margrét.

Hún á von á því að tónleikarnir standi í rúma klukkustund. „Það fer eftir því hvað við kjöftum mikið á milli laga enda er þetta kjörinn vettvangur til að ræða hvað hefur breyst og hvað ekki. Sumt hefur sannarlega breyst á þessum fjörtíu árum sem liðin eru en annað ekki neitt.“

Margrét man sjálf eftir fyrsta kvennafrídegnum fyrir fjörtíu árum en þá var hún tólf ára gömul. „Mamma mín var ein þeirra sem sungu í kór á sviðinu og ég fór niður í bæ með vinkonum mínum til að fylgjast með. Ég man nú aðallega eftir því hvað það var mikið af fólki. Við sáum eiginlega ekki neitt og fundum engan en svo fór ég heim og þar var haldið ægilegt kvennapartí sem ég fékk að vera þátttakandi í. Það var mikil upplifun.“

Margrét segir enn mikilvægt að konur fylki liði og rifjar upp að þegar þær stöllu sungu á Arnarhóli 2010 stóðu konur upp á miðjum vinnudegi þegar þær höfðu unnið fyrir laununum sínum miðað við karla og fjölmenntu í bæinn. Hún vonast til að sjá sem flesta í lðnó í dag. „Ekki síst vegna þess að þetta eru svo skemmtileg lög. Mér finnst að minnsta kosti alltaf jafn gaman að syngja þau.“

Tónleikarnir eru styrktir af afmælisnefnd Hundrað ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi og Reykjavíkurborg. Þeir eru haldnir í samstarfi við lðnó, veitingahús við Tjörnina. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

REGLULEGA KVENLEGAR

Þær Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Esther Jökulsdóttir, Margrét Pétursdóttir, Brynhildur Björnsdóttir og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir flytja plötuna í heild sinni í dag og kjafta á milli laga. Tónleikarnir hefjast klukkan 17. MYND/HARI

MIKIL UPPLIFUN

„Ég man nú aðallega eftir því hvað það var mikið af fólki. Við sáum eiginlega ekki neitt og fundum engan en svo fór ég heim og þar var haldið ægilegt kvennapartí,“ segir Margrét Pétursdóttir sem var 12 ára á kvennafrídaginn 1975.

LÍNAN

AUKIN ORKA MEÐ ACTIVE LIVER

ICECARE KYNNIR Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á líðanina. Jóna Hjálmarsdóttir mælir með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri.

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruvefni í vörunni hjálpi lifrinni að hreinsa sig. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Jóna segist hafa fundið fljótt mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttari þyngd. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi og hef trú á að Active Liver geri mér gott. Ég finn líka mun á húðinni á mér, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir hún.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar lífinu er lífað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Ólafar Rúnar Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra hjá Icecare. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að



eðlilegri lifrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda af miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfið að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf.

LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtabykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins, og efnið kólín, sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.



ÁNÆGD Jóna mælir með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri.

MYND/VILHELM

MÆLIR HEILS HUGAR MEÐ BIO-KULT

ICECARE KYNNIR Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflórana. Margrét Alice Birgisdóttir mælir með Bio-Kult fyrir meltinguna. Hún notar Bio-Kult Candéa til að halda einkennum niðri og Bio-Kult Original til að viðhalda batanum.

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfari mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynt afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét.

Margrét greindist með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur. Ég mæli heils hugar með BioKult, bæði Candéa með hvítlaug og grape-seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum,



báðar tegundir hafa reynt mér vel.“

Bio-Kult Candéa-hylkin geta virkað sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangri, fæðu-óþoli, þyrnging og skapsveiflum, þreytu, brjóstsviða, verkjum í liðum, mígreni eða ýmsum húðvandamálum.



ÁNÆGD Margrét Alice er ánægð með Bio-Kult-hylkin og mælir með þeim til að bæta meltinguna.

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

IceCare

Betra blóðflæði

Rauðrófu kristall 100% náttúrulegt
Einstök virkni og gæði - þú finnur muninn

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna Nitric Oxide. SUPERBEETS örvar Nitric Oxide framleiðslu strax. Bætt blóðflæði og aukin súrefnisupptaka hefur jákvæð áhrif á alla starfsemi líkamans, þ.m.t. hjarta og æðakerfi. **ATH:** Breyting nitrats úr fæðu í Nitric Oxide. **(NO)** byrjar í munni, þess vegna er SuperBeets tekið inn í vökváformi, en ekki töfluformi.

Íslensk vottun á virkni NO³
Sýni rannsóknarstofa - Nýsköpunarmiðstöð Íslands



Nitric Oxide Superbeets allt að 5 sinnum öflugri
1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

Nánari upplýsingar WWW.SUPERBEETS.IS Umboð: vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949

Náttúrulegt Melatónin

ZenBev Triptófan úr graskersfræjum

Upplýsingasími 896 6949 - og www.vitex.is



Fæst í apótekum og heilsubúðum



**8 rétta
hlaðborð í
hádeginu**

**TILBOÐ
KR. 1.590.-**

OPIÐ KL. 11:00-14:00

**Hlaðborðið er alla virka daga,
ekki um helgar.**



Kinahofid

NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

kinahofid.is



GÓMSÆTT Maturinn á hátíðinni er girnilegur en þar eru farnar óhefðbundnar leiðir í bland við hinar klassísku.

BJÚGAÐ FÆR UPPREISN ÆRU

VIÐBURÐUR Hin árlega Bjúgnahátíð í Langaholti fer fram næsta laugardag í þriðja sinn. Þar geta gestir gætt sér á bjúgum, bjúglingum og fleiru. Heiðursfélagi Hins íslenska bjúgnavinafélags verður útnefndur.

Eins og margt gott þá byrjaði Bjúgnahátíðin sem fáránleg hugmynd,“ segir Þorkell Símonarson, vert í Langaholti, sem hefur haft viðurnefnið Keli vert í nokkur ár. „Bara það eitt að láta sér detta í hug að hafa eitthvað sem heitir Bjúgnahátíð er fáránlegt og enn fáránlegra að hafa hana á stað sem þekktur er sem fiskistaður,“ segir hann glaður í bragði og bætir við að hugmyndin sé úr hinum furðulega hugarheimi Guðna Más Henningssonar útvarpsmanns. „Ég var með innslag í þætti hjá honum og í beinni útsendingu fór hann að klifa á þessu og ég gat ekki annað en sagt já.“

SLÁTURKEPPUR SEM BJÚGA

Bjúgnahátíðin er nú haldin í þriðja skipti og segir Keli hana vera viðburð hins vinnandi manns og gott mótvægi við allar þær matarhátíðir og flugeldasýningar matarmenningarinnar sem nú eru algengar. „Hér er ekki verið að þykjast vera eitthvað „fínt erlendis“ heldur er þetta bara „ófínt íslenskt“. Við lítum þannig á að bjúga sé hið íslenska orð sem notað er yfir pylsur – „sausages“ –og við flokkum hiklaust sláturkepp sem bjúga til dæmis. Og pylsur og allt þetta dót eru bara bjúgu og bjúglingar. Við hins vegar tökum þetta úr sínu hefðbundna samhengi. Í fyrra til dæmis vorum við með bjúgu í bernaise og elduðum þau eins og hinn svokallaða rónahrygg en þá eru bjúgun bökuð í barbecue. Við förum óhefðbundnar leiðir í bland við hið klassíska og verðum auðvitað með uppstúf líka.“

Góður rómur hefur verið gerður að hátíðinni og húsfyllir verið síðustu tvö ár. „Á fyrstu hátíðinni var Hið íslenska bjúgnavinafélag stofnað og þá var fyrsti heiðursfélagi þess útnefndur og var það Bjúgnakrækir. Hann gat ekki mætt en sendi fulltrúa sinn. Í fyrra var útnefndur heiðursfélagi Skúli hinn mennski sem er okkar frægasti pylsusali eða öllu heldur bjúglingasali. Það kemur svo í ljós um næstu helgi hver það verður þetta árið,“ segir Keli og brosir.

BJÚGAÐ HEFUR BJARGAÐ

Keli segir að bæði í gamni og alvöru þá sé Bjúgnahátíðin skemmtilegt uppábrott á tilverunni. „Það er enginn að fara akkúrat þessa leið með þessar eilífu matarhátíðir. Það hefur verið litið niður á bjúgað og það talið fátækramannamat.“



HUGMYNDASMIÐURINN Guðni Már Henningsson útvarpsmaður á heiðurnum af hugmyndinni um Bjúgnahátíðina.



KELI VERT Þorkell Símonarson, betur þekktur sem Keli vert, er einn skipuleggjandi Bjúgnahátíðarinnar.

Við ákváðum að veita því uppreisn æru. Að veita bjúganu þann sess sem því ber. Það hefur haldið lífinu í mörgum piparsveininum og bjargað ýmsum skipskokkum frá bráðum vanda,“ segir hann og hlær dátt.

Bjúgu eru í uppáhaldi hjá sumum og hefur Keli fengið miklar þakkir frá þeim fyrir að hafa hátíð fyrir þá. „Ég held að þetta sé þögull og alvarlegur hópur í þjóðfélaginu sem er mjög laustengdur og lætur ekki mikið í sér heyra. Þar sem þetta eru bjúgu sem við erum að tala um verðum við þó að stilla þessu í hof. Það væri ekki hægt að gera þetta án stuðnings frá Kjarnafæði og einnig hefur Ölgerðin komið að þessu hjá okkur til að gefa þessu svolitinn októberfestblæ.“

■ heida@365.is



ÓFÍNT ÍSLENSKT

„Hér er ekki verið að þykjast vera eitthvað „fínt erlendis“ heldur er þetta bara „ófínt íslenskt“.



FORSTJÓRI

Þú ert öflugur, framsýnn og þroskaður stjórnandi og treystir þér til að leiða fyrirtæki sem lætur til sín taka í gæða- og umhverfismálum.

Íslenska gámafélagið býður þér starf forstjóra hjá fyrirtækinu. Þú munt leiða fyrirtækið áfram inn í framtíðina.

Þú þarft að vera framúrskarandi stjórnandi, drifinn áfram af krafti, metnaði og lífsgleði. Þú verður að hafa sýnt framúrskarandi árangur í rekstri og búa yfir hæfileikum sem hægt er að sanna með dæmum og verkefnum. Við viljum kynnst þér og fá frá þér umsókn með ítarlegum upplýsingum sem sýna að þú ert hæfur kandidat í starfið. Allar fyrirspurnir eru trúnaðarmál.

Hjá Íslenska gámafélaginu starfa 240 manns víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu. Fyrirtækið er gæðavottað samkvæmt ISO9001 og ISO14001 og það var fyrst fyrirtækja til að fá jafnlaunavottun VR.

Mannauðsstefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fisksins „Fish Philosophy“. Mannauðsstefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður, þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Mannauðsstefnunni er ætlað að tryggja starfsmönnum sem best starfsskiyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi.

Allar nánari upplýsingar veita
Katrín S. Óladóttir og
Sverrir Briem hjá Hagvangi.

Netföng: katrin@hagvangur.is,
sverrir@hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með
5. nóvember n.k.

ÍSLENSKA 
GÁMAFÉLAGIÐ

Gufunesi gamur.is 577 5757

Staða hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands

SÁLFRÆÐINGUR

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir að ráða sálfræðing til starfa hjá stofnuninni. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs í 100% stöðugildi, en framtíðarstarf er mögulegt. Staðan veitist frá 1. desember 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Óskað er eftir sálfræðingi í starf verkefnisstjóra verkefnisins Aðstoð við börn og ungmenni með geðrænan vanda á Austurlandi (ABG verkefnið). ABG verkefnið er samstarfsverkefni undir forystu Heilbrigðisstofnunar Austurlands sem að koma Skólaskrifstofa Austurlands, Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, Félagsþjónusta Fjarðabyggðar, Verkmenntaskóli Austurlands og Menntaskólinn á Egilsstöðum. Markmið þess er að efla, bæta og samþætta þjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur á öllu Austurlandi, sem glíma við geðræn vandamál. Auk þess að stýra verkefninu starfar verkefnisstjórinn sem klínískur barna- og unglingasálfræðingur innan þess.

Nánari upplýsingar veita: Orri Smáráson, sálfræðingur, s. 470-1485, netf. orris@hsa.is, Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is, Emil Sigurjónsson mannauðsstjóri, s. 470 3053 og 895 2488, netf. emils@hsa.is.

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpvaggi til Vopnafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.



Hæfniskröfur

Starfsleyfi sem sálfræðingur frá velferðarráðuneyti.

Æskilegt:

- Reynsla af verkefnastjórnun og samstarfi stofnana á sviði velferðar og heilbrigðismála.
- Reynsla af greiningu og meðhöndlun geðræns vanda barna og unglunga.
- Þekking og reynsla af hugrænni atferlismeðferð (HAM).

Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði. Íslenskukunnátta áskilinn. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2015.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stofnanasamningum HSA. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, og ef við á, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Umsóknum skal skilað rafrænt til HSA með því að fylla út umsóknarform á vefsíðu stofnunarinnar; www.hsa.is, undir flípanum „laus störf.“

Vef- og kynningarstjóri

Laust er til umsóknar starf vef- og kynningarstjóra við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Starfið felst einkum í umsjón með vef stofnunarinnar, eftirliti með gagnagrunnum á vef, umsjón með fréttabréfi, ársskýrslu, og annarri miðlun. Vef- og kynningarstjóri vinnur náið með forstöðumanni stofnunarinnar.

Starfshlutfall verður 50% frá 1. desember en stefnt er að 75% hlutfalli um mitt ár 2016.

Umsækjendur skulu hafa a.m.k. BA-próf í hugvísindum og meistaraþráðu í upplýsinga- og fjölmiðlafræðum, menningarstjórnun eða sambærilegum greinum. Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg. Einnig er krafist traustrar enskukunnáttu og færni í einu Norðurlandamáli. Reynsla af hvers konar fjölmiðlun og kynningarstörfum er kostur.

Um er að ræða nýtt starf sem krefst frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða og góðra samskiptahæfileika. Starfið veitir gott tækifæri til að vekja athygli á mikilvægi íslenskrar tungu og bókmennta.

Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík, **eigi síðar en 7. nóvember 2015** eða á rafrænu formi á netfangið kari@hi.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni: www.arnastofnun.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Kaaber, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs (s. 525 4010, kari@hi.is).



Lagna- og loftræsihönnuðir

Við viljum bæta við okkur fleiri liðsmönnum við hönnun pípulagna og loftræsikerfa í byggingum.

Verk- eða tæknifræðingum með amk. 5-10 ára starfsreynslu sem hafa :

- Reynslu af hönnun og umsjón með hönnunarverkefnum
- Reynslu og áhuga á samskiptum við viðskiptavinum, innlenda og erlenda
- Þekkingu á Revit
- Góða hæfileika til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhuga á þátttöku í verkefnaöflun

Verk- eða tæknifræðingum með 1-3 ára starfsreynslu sem hafa :

- Einhverja reynslu af hönnun lagna og eða loftræsikerfa
- Þekkingu á Revit

Við leitum að jákvæðu fólki með góða kunnáttu í ensku og einu norðurlandamáli, fólki sem hefur gaman af vinnu við krefjandi verkefni og vill þroskast í þverfaglegu samstarfi. Meðal verkefna framundan eru hönnun á nýjum Landspítala við Hringbraut og nýjum grunnskóla í Úlfarsárdal auk annarra verkefna.

Hægt er að sækja um störf með því að senda tölvupóst á netfangið umsokn@vso.is merktan *Lagna- og loftræsihönnuðir* fyrir 10. nóvember.

VSÓ Ráðgjöf er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins og vinnur að verkefnum jafnt á Íslandi sem erlendis. Starfsmenn VSÓ eru nú um 70 og sinna alhliða ráðgjöf vegna hverskonar mannvirkjagerðar, skipulags og umhverfismála. Starfsstöðvar eru í Reykjavík og við Osló. Í boði eru samkeppnishæf laun, góð vinnuástaða, góðir vinnufélagar og fjölbreytt verkefni.



Tæknistjóri bílamerkis

Þekkt og traust bílaumboð óskar eftir að ráða tæknistjóra lúxusbílamerkis til starfa.

Starfssvið:

- Ábyrgð og umsjón með þjálfunarmálum bifvélavirkja
- Skipulagning verklags samkvæmt stöðlum framleiðanda
- Samskipti við framleiðanda og umsjón með innköllunum framleiðanda
- Aðstoð við bilanagreiningar
- Umsjón og ábyrgð með undirbúningi og skipulagningu námskeiða

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun skilyrði
- Meistararéttindi eða önnur tæknimenntum mikill kostur
- Reynsla af greiningarvinnu og prófunum
- Góð almenn tölvukunnátta sem og góð kunnátta í íslensku og ensku, talað og ritað mál
- Leiðtogaþæfileikar og geta til að kenna öðrum og þjálfa nýja starfsmenn
- Miklir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Metnaður og drift í starfi

Viðkomandi tæknistjóri sækir þjálfun erlendis fyrir hönd fyrirtækisins varðandi allar tækninýjunar. Tæknistjóri þarf að geta unnið sjálfstætt og undir álagi. Æskilegt er að við komandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2015.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent



Sérfræðingur í innkaupateymi



Laus er staða sérfræðings í nýju innkaupateymi fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við spennandi og fjölbreytt verkefni. Um fullt starf er að ræða og kostur ef viðkomandi getur hafið störf fljótlega.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur stofnað tímabundna verkefnisstjórn sem er ábyrg fyrir innleiðingu umbótaverkefnis á sviði innkaupa. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir í 12-18 mánuði. Verkefnisstjórnin starfar náið með Ríkiskaupum og Fjársýslu ríkisins og á einnig samráð við stofnanir og birgja. Verkefnið er eitt lykilverkefna á sviði umbóta í ríkisrekstri en því er ætlað að leiða til umtalsverðar hagræðingar og nýsköpunar í opinberum innkaupum.

Starfssvið:

- Greining innkaupa og söfnun upplýsinga.
- Undirbúningur að gerð staðlaðra innkaupaáætlana hjá ríkisaðilum og eftirfylgni.
- Þróun aðferða og ferla við sameiginleg innkaup.
- Þátttaka í gerð útboðslýsinga.
- Samningagerð og samskipti við birgja.
- Samvinna innan ráðuneytis og utan um verkefni á sviði innkaupamála.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. viðskiptafræði eða verkfræði.
- Reynsla af innkaupum er kostur.
- Reynsla af greiningu tölulegra upplýsinga og mjög góð Excel kunnátta.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lausnamiðuð hugsun, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember næstkomandi.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent.

capacent



Capacent Ráðningar

capacent



FISKISTOFA
 Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
 Sí: 569 7900 F: 569 7990
 fiskistofa@fiskistofa.is
 www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl. ásamt því að safna upplýsingum um framangreinda málaflökka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is

Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing

Lögfræðingar á lögfræðisviði

Lausar eru til umsóknar tvær stöður lögfræðinga á lögfræðisviði Fiskistofu á Akureyri. Um fullt starf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Meðferð brotamála.
- Meðferð mála samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.
- Yfirferð erinda um millifærslur hlutdeilda og aflamarks.
- Lögfræðileg ráðgjöf innan Fiskistofu.
- Önnur lögfræðileg verkefni á starfssviði stofnunarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Þekking á sjávarútvegi og fiskveiðilöggjöfni er kostur sem og þekking og reynsla af stjórnsýslu. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrannar Hafberg, sviðsstjóri lögfræðisviðs, í síma 569-7900.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt upplýsingum um meðmælendur og kynningarbréf, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, auk annarra atriða, sem máli kunna að skipta. Umsóknir sendist á netfangið starf@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði, merktar: „Lögfræðingur“.

Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember 2015.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

